



ÁRSSKÝRSLA EFLINGAR 2025



Ársskýrsla Eflingar stéttarfélags 2025

Ritstjóri: Freyr Rögnvaldsson

Ábm.: Sólveig Anna Jónsdóttir

Hönnun og umbrot: Jón Ingi Stefánsson

Prentun: Litlaprent

Ársskýrsla Eflingar stéttarfélags byggir á heimildum og gögnum félagsins. Umfjöllun um hvert svið skrifstofu Eflingar byggir á upplýsingum frá sviðunum sjálfum. Þá er stuðst við fundargerðir, gögn úr kjaraviðræðum, bókhaldi og tölvukerfum, auk fréttu, heimilda frá stjórn og stjórnnum sjóða félagsins.

Allur réttur áskilinn.

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Inngangur framkvæmdastjóra	6
Félagahópur Eflingar	8
Rekstur skrifstofu	8
Starfsemi þjónustusviðs	9
Starfsemi vinnuréttindasviðs	11
Starfsemi orlofssviðs	12
Starfsemi fræðslu- og félagsmálasviðs	14
Viðburðir	16
Upplýsinga- og kynningarmál	17
Félagslegt starf	18
Alþjóðastarf	19
Stjórnir Eflingar	21
Samstæðuársreikningur	22

Ávarp formanns

Sólveig Anna Jónsdóttir

Kæru félagar.

Á liðnu ári, líkt og undanfarin ár, stöndum við frammi fyrir þeim veruleika að baráttunni lýkur aldrei. Við höfum náð árangri – og við eigum að vera stolt af því sem við höfum áorkað saman. En á sama tíma verðum við að horfast í augu við þau fjölmörgu vandamál sem enn eru óleyst, vandamál sem stjórnvöld og atvinnurekendur hafa neitað að takast á við, þrátt fyrir að Efling hafi síðustu ár bent á í ræðu og riti hvar skóinn kreppir að.

Í Eflingu höfum við hafnað þeirri hugmynd að við getum beðið eftir réttlæti. Við höfum skilið að við getum ekki beðið eftir því að aðrir færi okkur réttlæti, við verðum að sækja það sjálf. Það gerum við með samstöðu, með því að hlusta á og skilja hvort annað. Við erum ávallt minnug þess mikilvæga sannleika að aðeins með því að tala máli sínu sjálf getur verkafólk knúið fram þá virðingu sem það á skilið, hvort sem er inni á vinnustöðum sínum, í kjarasamningagerð við samtök atvinnurekenda eða í stóru þjóðfélagsumræðunni.

Á sama tíma og við höfum barist fyrir og náð fram raunverulegum kauphækkunum hefur verðbólgan og þá sérstaklega húsnæðiskostnaðurinn legið eins og mara á stétt verkafólks. Seðlabankinn heldur stýrivöxtum í 7,5% og segist ekki munu hika við að hækka þá enn frekar. Hávaxtastefnan bitnar hvað harðast á þeim sem minnst hafa. Leiguverð fyrir einstakling á höfuðborgarsvæðinu er nú gríðarlega hátt og hópur Eflingarfólks er í þeirri svívirðilegu stöðu að þurfa að greiða allt að 70% af ráðstöfunartekjum sínum, aðeins til að tryggja sér og sínum þak yfir höfuðið.

Íbúðaverð og leiga hafa hækkað meira á Íslandi en í nokkru öðru Evrópuríki á síðasta áratug. Á sama tíma hefur of lítið verið byggt af íbúðum fyrir tekjulægri hópa. Það sem byggt er, hverfur að miklu leyti inn á



markað fyrir skammtímaleigu. Um fimmtungur íbúða í miðborg Reykjavíkur er nú nýttur sem gistaðstaða fyrir ferðamenn, í stað þess að þjóna þeim sem þurfa húsnæði til langtíma búsetu. Misvægi framboðs og eftirspurnar er því gríðarlegt og það er þessi ójöfnuður sem meðal annars knýr áfram háa verðbólgu.

Hér á landi eru varnir gegn þessari þróun óvenju veikar. Reglun á leigu-

verði er héraendis með því minnsta sem þekkist innan OECD – jafnvel vægari en í Bandaríkjunum, þar sem markaðsöflin fá að njóta sín að mestu óheft. Þetta, ásamt miklu misvægi framboðs og eftirspurnar, er rót að íþyngjandi húsnæðiskostnaði. Þar standa leigjendur verst.

Kæru félagar.

Við stöndum frammi fyrir fleiri vandamálum. Á sama tíma og

félagsfólk Eflingar glímur við óviðráð-anleg húsnæðisvandamál, hyggjast stjórnvöld þrengja að kerfi atvinnuleysistrygginga. Nú er verið að leggja til að bótatímabilið verði stýtt úr 30 mánuðum í 12 mánuði, og það sem verra er, ávinnslutími bóta er lengdur úr 3 mánuðum í 12 mánuði. Þetta er gert á sama tíma og atvinnuleysi fer vaxandi – en því sem næst aðeins hjá aðfluttu verkafólki. Þetta eru ömurleg skilaboð frá stjórnvöldum sem kenna sig við norræna velferð til þeirra sem mest þurfa á stuðningi að halda. Þetta eru sömu stjórnvöld og innihalda ráðherra og þingmenn sem áður voru í forystu verkalyðshreyfingarinnar – sömu stjórnvöld og lofuðu í aðdraganda kosninga að starfa í þágu vinnandi fólks á landinu.

Kæru félagar.

Þrátt fyrir svokallaðan skipulagðan vinnumarkað hér á landi og háfleygar yfirlýsingar um að hann sé sá besti í heimi er það staðreynd að hér ríkir nánast lögleysa þegar kemur að því að virða réttindi verka- og láglounafólks, sérstaklega aðflutts fólks. Eins og farið er yfir í ályktun Eflingarþings frá því í febrúar síðastliðnum hafa óformlegar reglur um að atvinnurekendur fylgi ótilneyddir gerðum samningum látið hressilega á sjá. Óþrúttir atvinnurekendur eru ekki lengi að átta sig á því hvernig kerfið virkar: Það eru engar afleiðingar við kjarasamningsbrotum. Það er þjóðarskömm að slíkt refsileysi viðgangist. Þjófnaður úr verslun varðar við lög, en þjófnaður á launum fólks – lífsviðurværi þess – virðist í augum stjórnvalda vera smámál. Krafa Eflingar síðustu ár hefur verið að viðurlög vegna launþjófnaðar og kjarasamningsbrota verði lögfest. Fyrirmyndir að slíku má til að mynda finna í Noregi, þar sem launþjófnaður varðar nú við hegningarlög, eins og Lars Christian Fjeldstad lögfræðingur norska alþýðusambandsins LO fjallaði um í fróðlegu erindi á Eflingarþingi. Það kostar ríkissjóð ekki krónu að innleiða slík lög hér á landi og það er í raun óskiljanlegt að slíkt hafi ekki verið fyrir löngu gert.

Kæru félagar.

Eflingarfólk hefur sýnt með brautryðjendastarfi sínu síðustu ár að jarðvegurinn er til staðar meðal verkafólks að taka þátt í herskárri

og árangursmiðaðri stéttabaráttu. Verkafólk getur sigrast sín á milli á hindrunum vegna tungumáls og uppruna. Verkafólk getur skipulagt sig, gætt hagsmuna sinna og orðið raunverulegir leiðtogar í eigin stéttarfélagum. Að byggja samfélag, mannað sjálföruggu verkafólki af fjölbreyttum uppruna sem ber höfuðið hátt og þekkir óumdeilanlegt mikilvægi sitt í öllu efnahagskerfi landsins – þar standa Eflingarfélagar nú fremstir í flokki.

En þrátt fyrir þennan árangur eru miklir þröskuldar enn til staðar inni á vinnustöðunum, eins og rætt var í málefnavinnu Eflingarþings og fjallað um í ályktun þingsins. Skortur á atvinnuöryggi er alvarlegur galli á íslensku vinnumarkaðslöggjöfni. Ein helsta ástæða þess að Eflingarfélagar á almenna vinnumarkaðnum hika við að vekja máls á órétti, taka saman höndum með vinnufélögum sínum og vera virkir í stéttarfélagi sínu er óttinn við uppsögn. Þetta skapar jarðveg fyrir óstjórn á vinnustað og slæma framkomu við starfsfólk. Um það þekkjum við í Eflingu fjölmörg dæmi.

Viðast hvar í nágrannalöndum okkar má finna tryggingar í lögum eða kjarasamningum sem hamlar því að fólk sé rekið úr vinnu nema sannarlega séu til staðar málefnalegar ástæður. Önnur ákvæði tryggja að við uppsögn vegna skipulagsbreytinga sé þeim síðast sagt upp sem lengst hafa unnið. Allir sem vilja gott starfsmannahald og heilbrigt vinnuumhverfi, þar með talið atvinnurekendur, eiga að sjá hag sinn í því að gera þær kröfur – sem voru einmitt kröfur Eflingarfélagar á nýafstöðnu Eflingarþingi. Þá krafðist þingið þess að tryggt væri að verkafólk haldi sem næst tekjum sínum þegar þau fara á atvinnuleysisbætur; krafa sem skiptir meira máli nú en oft áður

Kæru félagar.

Margt bendir nú til þess að forsendur langtímakjarasamninga á almennum vinnumarkaði muni bresta í haust. Verðbólga lækkar ekki, vextir eru enn gríðarháir og atvinnuleysi eykst hjá verkafólki. Á sama tíma er neysla tekjuhærri hópa mikil og fer vaxandi – afleiðingar stéttskiptingar og misskiptingar blasa við okkur. Til viðbótar við þetta gera skelfileg

striðsátök í heiminum það að verkomu að efnahagslegur óstöðugleiki ríkir hvert sem lítið er.

Meðlimir efnahagslegrar og pólitískrar valdastéttar verða að horfast í augu við það hvað þetta þýðir í daglegu lífi verka og láglounafólks. Fjölskyldur sem lifa frá einum mánaðamótum til annara geta ekki lengur greitt leigu án þess að skera niður nauðsynjar eins og mat og lyf. Fólk getur ekki lengur búið á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að það hefur einfaldlega ekki efni á því. Verkafólk upplifir gríðarlegt álag vegna fjárhagsvandamála – vandamála sem til eru komin vegna húsnæðisbraks eignafólks, vaxtaákvæðana hálaunafólksins í Seðlabankanum sem hefur aldrei upplifað skort, og stjórnmalastéttarinnar sem lítur á óboðleg lífsskilyrði vinnuafslisins sem ekkert annað en sjálfsagðan hlut, vandamál sem ekki komi þeim við. En þetta er ekki eðlilegt eða sjálfsagt ástand og við ætlum ekki að sætta okkur við að ekkert sé gert til að létta á þeim vandamálum sem herja á Eflingarfólk og fjölskyldur þeirra. Annað hvort hlusta atvinnurekendur og stjórnvöld á okkar kröfur og bregðast við með raunverulegum aðgerðum – eða afleiðingarnar verða alvarlegar strax í haust.

Kæru félagar.

Eflingarfólk biður ekki um greiða eða ölmusu. Þvert á móti - við krefjumst þess sem okkur ber. Við sköpum verðmætin. Við erum ómissandi. Allt efnahagslíf höfuðborgarsvæðisins hvílir á öxlum okkar. Þegar við tökum höndum saman og tölum sjálf máli okkar einni röddu þá náum við árangri og framfarir verða að veruleika. Sú vegferð er ekki kláruð á einni nóttu eða í einum kjarasamningsviðræðum. Þessi barátta og þetta uppbyggingarstarf tekur tíma. Ég er stolt af því að skrifa ávarp í ársskýrslu Eflingar enn eitt árið, vitandi að félagið okkar er á réttri leið. Fjölgun virkra félagsmanna er raunveruleiki. Bætt þjónusta og bætt afkoma félagsins er raunveruleiki. Sterkari rödd verkafólks í íslensku samfélagi er veruleiki. Hvað sem framtíðin ber í skauti sér þá veit ég að Eflingarfélagar geta aðeins orðið sterkari saman í æ sterkara verkalyðsfélagi – verkalyðsfélagi sem stendur undir nafni. ☞

Inngangur framkvæmdastjóra

Perla Ösp Ásgeirsdóttir

Það er með sanni hægt að segja að lokahnykkurinn á endurbótum í starfsemi skrifstofu Eflingar árið 2025 hafi verið sá umfangsmesti af þeim breytingum sem gerðar hafa verið, allt frá stefnumarkandi breytingu stjórnar félagsins fyrir rúmum þremur árum.

Liðið ár markaðist af heildarendurnýjun á húsnæði Eflingar á þriðju hæð í Guðrúnartúni 1, sem hafði umtalsverð áhrif bæði á félagsfólk og starfsfólk. Nánast allt árið voru starfsstöðvar fluttar í félagsheimili Eflingar og skrifstofuaðstöðu á fjórðu hæð húsnæðisins. Framkvæmdir stóðu yfir fram í október en þeim átti að ljúka í ágúst. Þrátt fyrir þessar áskoranir voru litlir sem engir hnökrar á þjónustu við félagsfólk utan nokkurra daga þar sem óhjákvæmilegt reyndist að loka fyrir móttöku vegna framkvæmda. Er það samhentum starfsmannahóp skrifstofu Eflingar að þakka, sem tókust á við breytingarnar með jákvæðni og hagsmuni félagsfólks í fyrirrúmi. Einnig ber að þakka því félagsfólki sem átti erindi til okkar þolinmæði og skilning.

Í október opnaði svo Efling dyrnar í nýju og endurbættu húsnæði fyrir félagsfólki. Við hönnun þess var kappkostað að aðbúnaður og aðgengi fyrir félagsfólk yrði með sem bestu móti, viðtalsrými hljóðeinangruð og byrgð til að gæta að trúnaði og persónuvernd, hljóðvist, lýsing og loftræsting eins og best verður á kosið, sem og að hönnunin stæðist tímans tönn.

Á árinu var unnið að endurbótum og aukinni nýtingu á félagakerfi Eflingar, Tótal, í samvinnu við önnur stéttarfélög og þjónustuaðila kerfisins Austurnet. Innleiðing kerfisins árið 2024 hefur gerbylt þjónustu og afgreiðslu við félagsfólk Eflingar og meðal annars skilað mun hraðari



afgreiðslutíma umsókna félagsfólks vegna styrkja og bóta. Einnig hefur móttaka skilagreina í gegnum kerfið skilað félaginu mun betri sýn á greiðendahópinum og betri yfirsýn yfir tekjugrunn félagsins. Vanskil hafa verið lág og innheimtuhræði góður.

Þekking og reynsla á kjarabundnum málefnum félagsfólks hefur

byggst upp jafnt og þétt frá árinu 2022. Á árinu var kappkostað að efla ferla við skráningu og úrvinnslu slíkra mála, en Efling sinnir félagsfólki undir sex kjarasamningum og 32 sérkjarasamningum. Slíkt kjarasamningsumhverfi gerir svörun erinda flóknari en hjá flestum stéttarfélögum og því mikilvægt að vanda

vel til verka. Til stuðnings svörunar erinda var innleidd gervigreindarlausn, KJARÍ, sem er sérhönnuð í kjarasamningsumhverfi Eflingar. Það er mikilvægt framfaraskref í nýtingu á nútímatækni til að leysa mál sem geta verið kjarasamnings- og lögfræðilega flókin.

Hlutverk Eflingar er að veita félagsfólki þjónustu á margvíslegan máta, eftir þörfum þess. Félagfólkið er margt hvert í vaktavinnu og getur þurft að sækja sér þjónustu eða upplýsingar utan hefðbundins opunar tíma. Stærsti liður í slíkri þjónustu er vefsíða félagsins, einskonar útibú sem opið er allan sólarhringinn. Starfsfólk Eflingar hóf á árinu í samstarfi við Klick endurhögun á vefsíðu Eflingar, en eldri síða var komin til ára sinna og erfið í uppfærslum. Hönnun nýrrar síður var miðuð út frá þörfum félagsfólks og hönnuð með einföldun á aðgengi upplýsinga í huga. Einn af mikilvægustu þáttunum var að síðan skyldi vera aðgengileg á öllum tegundum tækja þar sem vitað er að félagsfólk Eflingar nýtir að mestu leyti snjallsíma til aðgengis á netinu. Endurbætt vefsíða var sett í loftið í mars 2026.

Mikið átak var gert í orlofshúsum Eflingar á árinu, ný hús komu inn í eignasafn félagsins og eldri hús voru endurbætt til muna, bæði að innan og utan. Mörg húsanna og innbú voru komin verulega til ára sinna og nauðsynlegt að fara í heildarendurnýjun á sumum húsanna. Nýting orlofshúsa Eflingar er mjög góð, sérstaklega á svæðum nálægt þéttbýli eða í þéttbýli. Áfram verður kappkostað við að auka við og bæta orlofskosti félagsins á komandi árum.

Félagsstarf Eflingar hefur tvíeflst undanfarin ár og hefur fjöldi trúnaðarmanna vaxið umtalsvert. Félagið heldur nú fjögur trúnaðarmannanámsskeið í mánuði til að styrkja

stöðu og starf trúnaðarmanna. Að auki hafa viðburðir á vegum Eflingar verið með glæsilegasta móti og vel sóttir af félagsfólki og fjölskyldum þeirra.

Afkoma Eflingar stéttarfélags fyrir árið 2025 var jákvæð um 1.285 m.kr. sem er á pari við fyrra ár. Rekstar- niðurstaða félagsins er jákvæð um 722 m.kr. sem er tæp 70% aukning frá fyrra ári. Það er ánægjulegt að sjá að félagið þarf ekki einungis að treysta á fjármagnstekjur til að afkoma verði jákvæð heldur er reksturinn sterkur og arðbær.

Kostnaður félagsins hækkaði um tæpar 300 m. kr. milli ára. Aukinn kostnað má m.a. rekja til fjölgunar stöðugilda, umtalsverðra umsvifa orlofssjóðs og aukins kostnaðar vegna húsnæðismála á árinu. Fjárhæð bóta og styrkja stendur í stað milli ára. Kostnaður vegna félagslegs starfs hækkar þar sem umsvif þess hafa aukist verulega, sem og að aukinn kostnaður var vegna viðburðahalds þar sem lítið sem ekkert aðgengi var að fundarsölum í Guðrúnartúni vegna framkvæmda.

Umtalsverð hækking kostnaðar liggur hjá orlofssjóði en þar er kostnaðaraukning um 37% milli ára. Skýrist það einkum af áframhaldandi viðhaldi og kaupum á nýjum orlofs- eignum félagsins, en umtalsverð viðhaldspörf hefur verið á húsunum innan og utan.

Rekstrarkostnaður félagsins stóð nánast í stað á milli ára sem endurspeglar þá umtalsverðu hagræðingu sem innleiðing nýrra starfshátta undanfarin ár hefur haft í för með sér. Þrátt fyrir fjölgun stöðugilda hefur tekist að halda rekstrarkostnaði hóflegum.

Eignasafn Eflingar í verðbréfum og innlánnum nam 13,6 ma.kr. lok árs 2025. Stærstur hluti þeirra fjármuna eru í eigu Sjúkrasjóðs og Vinnu-

deilusjóðs. Árið 2025 var róstarsamt, bæði héraðs og erlendis og ber ávöxtun safnsins þess merki, en ávöxtun skilaði um 563 m.kr. sem er um 34% lækkun frá fyrra ári.

Niðurstaða fjármagnsliða var því undir væntingum. Í því skyni mun Efling leita leiða til að auka breidd í eignasafninu og skoða ávöxtun- arleiðir sem myndu styrkja fjárfestingartekjur komandi ára.

Eignir félagsins jukust á milli ára og telja eignir félagsins nú 18,2 ma.kr. sem er hækking um 1,5 ma.kr. milli ára. Hluti af þeirri aukningu er fjárfesting félagsins í endurbótum á húsnæði sínu við Guðrúnartún sem mun auka verðgildi eignarinnar til framtíðar. Félagið er sem áður skuldaust að undanskildum skammtíma- skuldum og eiginfjárlutfall sterkt sem áður eða 96,7%.

Félagsfólk Eflingar og samstarfsmenn, annað árið í röð skilum við góðu búi til framtíðar þrátt fyrir margs konar áskoranir á árinu. Við getum verið stolt af árangri á öllum sviðum hvort sem lítið er til þjónustu, aðstöðu, virkni félagsfólks, úrlausn mála og reksturs. Ég vil þakka öllum sem leiddu vagninn á liðnu ári, samheldni starfsfólks og jákvæðni með hagsmunum félagsfólks að leiðarljósi var eftirtektarverð. Okkur eru allir vegir færir. ☺

Félagahópur Eflingar

ÞJÓÐERNI

Eflingarfélagar af 135 þjóðernum greiddu til Eflingar árið 2025, og áttu Eflingarfélagar uppruna sinn að rekja til 159 landa. Hlutfall Íslendinga í félagahóp Eflingar var 47,3% borið saman við 48,5% árið 2024.

	Fjöldi	Hlutfall
Ísland	18.443	47,3%
Pólland	6.619	17%
Litháen	2.071	5,3%
Rúmenía	1.454	3,7%
Úkraína	1.379	3,5%
Lettland	1.133	2,9%
Venesúela	696	1,8%
Spánn	648	1,7%
Víetnam	594	1,5%
Filipseyjar	513	1,3%
Önnur þjóðerni	5.480	14%


FJÖLDI OG KYNJASKIPTING

Heildarfjöldi Eflingarfélaga árið 2025 var um 39 þúsund, sem er sambærilegt við árið 2024 þegar heildarfjöldinn var tæplega 40 þúsund manns.

■ Kynjaskipting

Fjöldi	Hlutfall
Karlar af erlendum uppruna	13.027 33%
Karlar af íslenskum uppruna	9.210 24%
Konur af erlendum uppruna	7.553 19%
Konur af íslenskum uppruna	9.207 24%
Kynsegin af erlendum uppruna	7 <1%
Kynsegin af íslenskum uppruna	26 <1%
Samtals	39.030

■ Aldursdreifing og uppruni Eflingarfélaga 2025



Rekstur skrifstofu

MANNAUÐUR

■ Skrifstofa Eflingar stéttarfélags 2025

Fjöldi stöðugilda	39,9
Fjöldi starfsfólks	43
Fjöldi stjórnenda	6
Meðalaldur (ár)	42,18

■ Fjöldi starfsfólks

		Breyting (%)
2025	43	▲ 4,9%
2024	41	▲ 13,9%
2023	36	

■ Kynjaskipting starfsfólks



■ Kynjaskipting stjórnenda



STARFSEMI FJÁRMÁLASVIÐS

Fjármálasvið Eflingar sinnir fjölbreyttum og umfangsmiklum verkefnum í daglegum rekstri félagsins. Sviðið annast meðal annars greiðslu launa, styrkja og sjúkradagpeninga, gerð reiknivéla, uppgjör minni sjóða, reikninga, afstemmingu bókhalds og uppgjör til endurskoðanda auk móttöku skilagreina.

MÓTTAKA SKILAGREINA

Við innleiðingu Tótal-félagakerfis færðist móttaka skilagreina og innheimta félagsgjalda til Eflingar frá Gildi í ársbyrjun 2024. Á árinu 2025 var þetta verkefni því komið í fastari farveg og orðið reglubundinn hluti af starfsemi fjármálasviðs. Félagsgjöld félagsins námu tæpum fjórum milljörðum króna á árinu 2025.

	2024	2025	Breyting milli ára
Félagsgjöld	3.529m.kr.	3.981 m.kr.	+452 m.kr. (12,8%)

INNHEIMTA

Innheimta félagsgjalda er grunntekjustoð Eflingar og er lögð áhersla á rafræna og skilvirka innheimtu. Að jafnaði fóru 3.089 kröfur til innheimtu í hverjum mánuði og 97,8% þeirra voru greiddar. Greiðsluhraði var áfram mjög góður, en 81,8% krafna voru greiddar fyrir eða á eindaga og 95,8% innan 30 daga frá eindaga.

VANSKIL

Próun vanskila var jafnframt jákvæð á árinu. Kröfum í vanskilum fækkaði úr 7.853 í 6.681, sem jafngildir um 15%



lækkun milli ára. Á árinu innheimtust alls 237 milljónir króna af kröfum sem höfðu farið í vanskil, sem er um 40% aukning frá fyrra ári. Stafræn innheimta gegndi vaxandi hlutverki og auðveldaði greiðendum að bregðast hraðar við kröfum.

Starfsemi þjónustusviðs

Þjónustusvið skrifstofu Eflingar er framlína félagsins, sem svarar almennum fyrirspurnum félagsfólks Eflingar sem kemur á skrifstofuna, hringir eða sendir tölvupóst. Þjónustusvið sér einnig um afgreiðslu umsókna vegna sjúkradagpeninga, styrkja úr sjúkra-, orlofs- og fræðslu-sjóðum og afgreiðslu úr vefverslun Eflingar sem er aðgengileg í gegnum Mínar síður.

Tímabundnir flutningar skrifstofunnar á fjórðu hæð vegna framkvæmda höfðu óhjákvæmilega áhrif á þjónustu við félagsfólk. Fjórða hæðin er ekki hönnuð fyrir starfsemi sviðsins sem skapaði ákveðnar áskoranir í daglegri þjónustu. Starfsfólk sýndi þó mikla aðlögunarhæfni og fagmennsku við þessar breyttu aðstæður og tókst þrátt fyrir breyttar aðstæður að viðhalda háu þjónustustigi. Undir lok árs þá flutti skrifstofan aftur á þriðju hæði í endurnýjað rými. Ný hönnun hafði þarfir félagsfólks í fyrirrúmi. Móttakan hefur verið bætt verulega, hún er bjartari, þægilegri og aðgengilegri fyrir þá sem leita til Eflingar. Einnig hafa verið útbúin sérstök móttökurými sem tryggja næði félagsfólks sem leitar til skrifstofunnar vegna viðkvæmra mála.

INNLEIÐING TÓTAL

Starfsemi þjónustusviðs hefur tekið miklum breytingum síðustu ár. Í upphafi árs 2024 var nýtt félagakerfi, Tótal, innleitt og hefur sú breyting haft jákvæð áhrif á hversu vel og hratt félagsfólk Eflingar fær þjónustu frá þjónustusviði. Félagakerfið heldur utan um allar helstu upplýsingar um félagsfólk, iðgjaldasögu, sóttá styrki, orlofsleigu, auk

annars. Með nýju félagakerfi var þjónusta við félagsfólk stórefld og varð öll afgreiðsla erinda og umsókna bæði skilvirkari og hraðari.

Fyrir innleiðingu Tótal voru styrkir greiddir út tvisvar í mánuði, sökum þess hversu tímafrek bæði úrvinnsla umsókna og útgreiðsluferli voru. Algengt var að útgreiðsla styrkja tæki um hálfan dag. Með innleiðingu Tótal er greiðsluferlið nú mælt í mínútum. Þjónustusvið og stjórn Eflingar sáu þar tækifæri til þess að greiða út styrki vikulega, sú tilraun hófst haustið 2024 og skilaði góðum árangri. Styrkir úr sjúkrasjóð og starfsmenntasjóðum hafa verið greiddir út vikulega allt árið 2025.


SJÚKRASJÓÐUR

Mikil aðsókn var í styrki og sjúkradagpeninga árið 2025 eins og verið hefur síðustu ár. Greiðslur sjúkradagpeninga hækkuðu um rúm 3% á milli ára og fjöldi styrkþega jókst einnig um rúmlega 4%. Hlutfall félagsmanna sem fékk greidda sjúkradagpeninga árið 2025 var 5,1%, sem er það sama og árið 2024.

■ Sjúkradagpeningar


	2023	2024	2025
Fjöldi félagsmanna	1.388	1.371	1.442
Upphæð (m.kr.)	1.593	1.506	1.546

■ Aldursdreifing sjúkradagpeninga 2023–2025



Á árinu voru greiddir 9.493 styrkir úr sjúkrasjóði til rúmlega 5.900 félagsmanna. Heildarfjárhæð styrkja nam um 200 m. kr. sem er sama fjárhæð og árið 2024. Flestir styrkþegar voru á aldrinum 30-39 ára og nýttu fleiri konur en karlar sér styrki sjúkrasjóðs.

■ Kynjaskipting sjúkradagpeninga 2023–2025



Meðalafgreiðslutími umsókna hefur haldist stöðugur á milli ára. Sjúkradagpeningar eru áfram greiddir út tvisvar í mánuði, síðasta virkan dag mánaðar og í kringum 10. hvers mánaðar. Um 86% samþykktra umsókna um sjúkrastyrki eru núna greiddar út innan við viku frá því að umsókn berst.

	2024 m. kr.	Fjöldi	2025 m. kr.	Fjöldi
Sjúkradagpeningar	1.506	1.371	1.546	1.442
Heilsuefling	64	4.024	67	4.289
Sálfræðiþjónusta	43	1.784	41	1.812
Gleraugnakaup/linsur	35	1.501	36	1.558
Dánarbætur	19	84	22	86
Sjúkrþjálfun, sjúkranudd, kírópraktor	16	1.226	14	1.159
Annað	23	706	23	589
Samtals	1.706	10.696	1.749	10.935

STARFSMENNTASJÓDIR

Fjöldi fræðslustyrkja sem greiddir voru út til Eflingarfélaganna á árinu 2025 jókst um 10% og fjölgaði styrkþegum um 20% frá fyrra ári.

Fræðslustyrkir	2023	2024	2025
Fjöldi félagsmanna	4.649	4.496	5.437
Fjöldi styrkja	5.865	5.877	6.551
Upphæð styrkja (m.kr.)	424	376	407

Meðalafgreiðslutími hefur haldist stöðugur á milli ára og er um 2 dagar, en á árinu 2023 var meðalafgreiðslutíminn um 5 dagar. Starfsmenntastyrkir eru nú greiddir út vikulega og hefur það leitt til mikilla breytinga fyrir félagsmenn Eflingar, um 85% samþykktra umsókna eru greiddar út innan við viku frá því að umsókn berst.

Starfsmenntasjóðir Eflingar og opinberra aðila voru á árinu sameinaðir í einn starfsmenntasjóð, Fræðslusjóð Efl-

ingar og opinberra launagreiðanda. Þetta hefur einfaldað rekstur og úthlutunarreglur verulega þar sem áður voru starfræktir fjórir starfsmenntasjóðir við opinbera aðila.

	2024 m. kr.	Fjöldi	2025 m. kr.	Fjöldi
Háskólanám	99	1.522	104	1.592
Íslenska sem annað mál	69	1.409	82	1.558
Önnur ökuréttindi	55	517	66	668
Starfstengt nám	53	636	49	674
Almenn ökuréttindi	34	577	42	725
Framhaldsskólanám	30	605	32	674
Annað	45	611	31	660
Samtals	385	5.877	407	6.551


ÞJÓNUSTUKÖNNUN

Starfsfólk skrifstofu Eflingar vill stöðugt bæta þjónustu sína við félagsfólk og til að ná til félagsfólks var send út þjónustukönnun á árinu. Könnunin var stutt, fjórar fjölvallspurningar og ein opin spurning þar sem fólk var beðið um að koma þeim ábendingum sem það kynni að hafa á framfæri. Könnunin var send út í gegnum félaga-kerfi Tótal á Mínum síðum Eflingar. Könnunin var send á það félagsfólk sem hafði greitt samfellt í að minnsta kosti sex mánuði.

Svörunin var tölfraðilega marktæk, niðurstöðurnar voru almennt jákvæðar en þær gáfu þjónustusviði samt vísbendingar um hvar hægt væri að bæta þjónustu við félagsfólk.

Rúmlega 70% svarenda voru frekar eða mjög ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu frá Eflingu og tæplega 70% voru frekar eða mjög ánægðir með viðmót starfsfólks. Jákvætt er að sjá að almenn ánægja ríkir hjá félagsmönnum Eflingar og að þær breytingar sem hafa verið gerðar á þjónustu skrifstofunnar á síðustu árum eru að skila sér, það eru einnig skýrar ábendingar um hvernig megi halda áfram að þróa og bæta þá þjónustu sem félagsfólk sækir til þjónustusviðs.

■ Á heildina litið hversu ánægð/ur ertu með þjónustuna sem þú fékkst frá Eflingu?



Svörin sem fengust við opnu spurningunni voru gagnleg. Helmingur svaranna varðaði heimasíðuna og Mínar síður, fjórðungur svaranna innihélt ýmsar ábendingar varðandi þjónustu, 30% sneru að orlofshúsum, félagsstörfum eða öðru og 10% voru hrós til starfsfólks.

Svörin hafa verið tekin til úrvinnslu og munu þau nýttast við að bæta þjónustu enn frekar.

Stefnt er að því að senda út sambærilega þjónustukönnun árlega og munu niðurstöðurnar nýttast til að gera enn frekari umbætur á starfinu, í þágu félagsfólks.

Starfsemi vinnuréttindasviðs

Vinnuréttindasvið sinnir þeirri grunnstarfsemi sem Efling stéttarfélag byggir á, sem er að gæta hagsmuna og sækja rétt félagsfólks. Réttindi og skyldur á vinnumarkaði byggja á lögum, reglugerðum og kjarasamningum og er það hlutverk sviðsins að gæta þess að þeim sé fylgt í ráðningarsamböndum. Vinnuréttindasvið veitir félagsfólki ráðgjöf í samskiptum sínum við atvinnurekendur og liðsinnir því við að sækja þær kröfur sem það kann að eiga á hendur atvinnurekendum. Þá sinnir sviðið ýmsum öðrum verkefnum og stoðþjónustu við önnur svið skrifstofu Eflingar.

MÁLAFJÖLDI

Vinnuréttindasvið aðstoðaði Eflingarfélaga í 691 máli á árinu 2025 og fækkaði málum um 30 milli ára. Þau voru þó verulega mikið fleiri en árið 2023, þegar skráð voru 457 ný mál.

Alls var 826 málum Eflingarfélaga lokað á árinu, samantalið við 739 mál árið 2024. Ekkert mál frá fyrri árum var óafgreitt í lok árs 2025.

Þá veitti vinnuréttindasvið ráðgjöf í 678 tilvikum. Það er á pari við árið 2024 þegar ráðgjöf var veitt í 670 tilvikum. Ráðgjöf til félagsfólks felst í fræðslu og upplýsingagjöf, án þess að gögnum sé skilað og án frekari vinnslu sviðsins.

EÐLI MÁLA

Þau mál sem vinnuréttindasvið aðstoðar félagsfólk Eflingar með eru flokkuð eftir eðli þeirra. Stærstur hluti þeirra mála sem sviðið fékkst við árið 2025 var vegna launakrafna Eflingarfélaga á hendur atvinnurekendum. Þar á eftir komu mál er vörðuðu gjaldþrot fyrirtækja. Sjá má algengustu málin í meðfylgjandi töflu, sem og samanburð frá fyrra ári.

	2024		2025	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Launakröfur	251	33%	194	28%
Gjaldþrot	83	11%	166	24%
Uppsagnir	68	9%	88	13%
Kjarasamnings- /réttindabrot	71	10%	44	6%
Skilagreinar	81	11%	41	6%
Önnur mál	167	26%	158	23%
Samtals	721		691	

Þau tilvik þar sem aðeins var veitt ráðgjöf voru einnig flokkuð eftir eðli á árinu. Þar voru fyrirferðamest svo nefnd önnur mál, sem voru af margþættu tagi.

	2024		2025	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Önnur mál	129	19%	257	38%
Uppsagnir	74	11%	135	20%
Kjarasamnings- /réttindabrot	128	19%	101	15%
Veikindi	42	6%	75	11%
Launakröfur	128	19%	56	8%
Önnur ráðgjöf	169	26%	54	8%
Samtals	670		678	

ATVINNUGREINAR

Lang flest þau mál sem vinnuréttindasvið veitti aðstoð við árið 2025 voru vegna beiðna Eflingarfélaga sem starfa í hótél- eða veitingahúsageiranum, eða um 40 prósent allra mála. Það er sambærilegt og árið 2024. Málum félaga sem starfa í byggingariðnaði fjölgaði nokkuð milli ára á meðan að málum þeirra sem starfa í matvælaíðnaði fækkaði.

	2024		2025	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Hótél- og veitingahús	278	38%	273	40%
Byggingariðnaður	122	17%	93	13%
Heildsölur og verslanir	22	3%	35	5%
Ræstingar og þríf	27	4%	32	5%
Matvælaíðnaður	59	8%	32	5%
Aðrar atvinnugreinar	213	30%	226	32%
Samtals	721		691	

Flestir þeirra sem leituðu eftir ráðgjöf hjá vinnuréttindasviði á árinu störfuðu í hótél- og veitingahúsageiranum, tæp 30 prósent. Óverulegar breytingar voru á milli ára á því í hvaða geirum Eflingarfélagar sem leituðu ráðgjafar störfuðu.

	2024		2025	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Hótél- og veitingahús	198	30%	188	28%
Byggingariðnaður	60	9%	74	11%
Almenn stjórnsýsla og löggjöf	24	4%	41	6%
Ræstingar og þríf	24	4%	31	5%
Heildsölur og verslanir	28	4%	31	5%
Aðrar atvinnugreinar	336	49%	313	45%
Samtals	670		678	

KYNJASKIPTING

	2024		2025	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Konur	292	40%	309	45%
Karlar	429	60%	379	54,5%
Kynsegin	-	-	1	0,5%
Samtals	721		691	

UPPRUNI

Á árinu 2025 aðstoðaði vinnuréttindasvið Eflingarfélaga með að minnsta kosti 71 mismunandi ríkisfang. Árið áður, 2024, aðstoðaði sviðið Eflingarfélaga með um 84 mismunandi ríkisföng. Rétt er að geta þess að í einhverjum tilvikum var ríkisfang ekki skráð og geta verið mismunandi ástæður þar að baki.

	2024		2025	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Pólland	347	25	159	23%
Ísland	220	17%	136	20%
Úkraína	76	5%	38	5%
Venesúela	53	5%	31	4%
Litháen	84	6%	31	4%

NÝJAR REIKNIVÉLAR

Í samstarfi við fjármálasvið Eflingar gerði vinnuréttindasvið endurbætur á reiknivélum á heimasíðu Eflingar sem teknar voru í gagnið á árinu 2025. Um er að ræða annars vegar launareiknivél sem auðveldar félagsfólki að reikna út laun sín, þ.á.m. orlofslaun og frádráttarliði og hins vegar reiknivélur fyrir desemberuppbót og orlofsuppbót. Félagsfólk hefur verið hvatt af vinnuréttindasviði til að nýta sér reiknivélarnar við yfirferð launaseðla og þannig tryggja að laun og aðrar kjarasamningsbundnar greiðslur séu rétt reiknaðar af hálfu atvinnurekanda. Þá hefur vinnuréttindasvið jafnframt nýtt sér reiknivélarnar við útreikning launakrafna félagsfólks.

KRÖFULÝSINGAR Í ÞROTABÚ

Í lok ársins fluttist öll umsýsla vegna kröfulýsinga í þrotabú til vinnuréttindasviðs. Fram að því hafði Atlas innheimta annast samskipti við skiptastjóra þrotabúa og Ábyrgðarsjóð launa, en starfsfólk vinnuréttindasviðs sinnt gerð kröfulýsinga og samskiptum við félagsmenn. Með þessari breytingu sér vinnuréttindasvið nú um alla þætti sem varða málefni þrotabúa. Það tryggir betri yfirsýn yfir málaflokkinn, bætir þjónustu og stuðlar að skilvirkara upplýsingaflæði til félagsfólks.

MÁL Í LÖGINNHEIMTU

Atlas Innheimta sinnti 228 málum fyrir vinnuréttindasvið á árinu 2025. Þar af voru 161 mál kláruð. Flest mál sem Atlas sinnti voru launakröfur og gjaldþrotamál. Launakröfur sem fóru í innheimtu voru 149 talsins. Uppgerð mál voru 26, það er þau mál þar sem sáttum var náð og greiðsla fengin. Í árslok voru 58 mál enn í innheimtu hjá Atlas og 65 mál voru felld niður, en það eru þau mál sem byrja sem launakrafa og enda sem gjaldþrotakrafa. Heildarupphæð launakrafna árið 2025 var um 113 milljónir króna.

TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ

Vinnuréttindasvið tók að sér fræðslu á námskeiðum fyrir trúnaðarmenn á árinu. Fjallað var um helstu réttindi á vinnumarkaði, veikindarétt, vinnuslys, gjaldþrot, uppsagnir, orlof, vinnutillögum og hvernig maður tryggir rétt

sinn. Markmiðið var að veita trúnaðarmönnum hagnýta og skýra innsýn í þau réttindi og þær skyldur sem gilda á vinnumarkaði, sem og að veita þeim verkfæri til að takast á við áskoranir sem kunna að koma upp í starfi þeirra. Nánar er fjallað um trúnaðarmannanámskeið í umfjöllun um fræðslu- og félagsmál í ársskýrslunni.

VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Vinnustaðaeftirlit Eflingar og Fagfélaganna fór í fjölda heimsóknna á vinnustaði á árinu. Tilgangurinn með slíkum eftirlitsheimsóknnum er að ganga úr skugga um að atvinnurekendur fylgi kjarasamningum, lögum og reglugerðum. Starfsfólk vinnustaðaeftirlitsins ræðir við verkafólk á hverjum vinnustað, spyr það um aðbúnað og starfið, fræðir það um réttindi þess á vinnumarkaði og starfsemi stéttarféлага. Sumarið 2025 var megináhersla lögð á ferðaþjónustu og þá starfsemi sem fellur undir hana, þá sér í lagi hópbifreiðastjóra sem falla undir samninga Eflingar. Þá lagði vinnustaðaeftirlit Eflingar og Fagfélaganna sérstaka áherslu á eftirlit í ræstingu, einnig var lögð áhersla á hótél- og veitingastaði, fiskvinnslu og garðyrkju.


KJARI

Í lok árs var tekin í notkun gervigreind sem kallast KJARI sem er sérfræðingur í kjarasamningum Eflingar og lögum og reglum á íslenskum vinnumarkaði. KJARI talar góða íslensku, er mjög kurteis og með gott orðfæri. KJARI verður notaður til að auka gæði í þjónustu við félagsmenn með yfirgrípsmeiri upplýsingum en hefur áður verið gert. Með tilkomu KJARA mun yfirsýn sérfræðinga á sviðinu aukast, aukin samræming verður í svörum og þá mun skýrleiki í framsetningu aukast þar sem KJARI vísar í heimildir, hvort sem það eru kjarasamningar, lög, reglugerðir eða dómur. Miklar væntingar eru bundnar við notkun KJARA og verður spennandi að þróa hann áfram og mögulega bæta við færni hans í flóknari úrvinnslumálum, meðal annars að reikna út kröfur, meta sönnunarstöðu einstakra mála og vinnu við gerð kröfulýsinga. KJARI er þróunarverkefni sem fól í sér áskoranir í tengslum við notkun gervigreindar innan fjölbreytts kjarasamningsumhverfis, en árangurinn var umfram væntingar.

Starfsemi orlofssviðs

Árið 2025 var ár framkvæmda á orlofssviði. Segja má að á árinu hafi verið lögð lokahönd á þá viðamiklu uppbyggingu sem staðið hefur yfir á vegum sviðsins síðustu ár.

Dreifing orlofshúsa um landið er nokkuð víðfeðm, líkt og sjá má á kortinu. Sérstaklega er mikil eftirspurn eftir húsum í kringum Reykholt, Svignaskarð og Ölfusborgir, auk þess sem eftirspurn er einnig töluverð á Akureyri. Eftirspurnin virðist að stórum hluta ráðast af fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, þar sem vinsælustu svæðin eru innan 1–2 klukkustunda aksturstíma frá Reykjavík.



Staðsetning orlofshúsa	Fjöldi húsa
Vesturland	32
Norðurland	13
Austurland	3
Suðurland	31
Landið allt	79

FRAMKVÆMDIR OG REKSTUR

Á árinu fékk orlofssjóður Eflingar afhent alls sex ný orlofshús. Afhending þeirra markar ákveðin tímamót í starfsemi orlofssviðs, þar sem umfangsmiklum uppbyggingarfasa er nú lokið og við tekur áframhaldandi viðhalds- og umbótafasu.

Í Svignaskarði fékk orlofssjóður afhent seinni tvö hús af fjórum sem höfðu verið í byggingu. Er uppbyggingu svæðisins þar með lokið að svo komnu máli og orlofsbyggðin í Svignaskarði fullmótuð, sem er mikið fagnaðarefni. Orlofssjóður Eflingar á þar 21 hús af alls 46.

Í Stykkishólmi lauk framkvæmdum við parhús að Aðalgötu 16 og hefur það nú verið tekið í notkun og komið í útleigu. Húsið fellur vel að einkennandi byggingarstíl bæjarins og hefur fengið góðar viðtökur meðal félagsfólks, sem og bæjarbúa.

Þá keypti orlofssjóður einnig tvær glæsilegar íbúðir í raðhúsalengju á Siglufirði sem voru afhentar á árinu. Unnið hefur verið að frágangi og undirbúningi húsanna en þau munu fara í útleigu á fyrri hluta ársins 2026.

Á árinu var jafnframt tekin ákvörðun um sölu tveggja orlofshúsa á Kirkjubæjarklaustri. Ráðstöfunin er liður í endurskipulagningu eignasafns orlofssjóðs og er í samræmi við stefnu um aukna áherslu á viðhald og endurnýjun fasteigna sjóðsins.

Samhliða móttöku nýrra eigna hefur verið unnið markvisst að almennu viðhaldi eigna og endurnýjun húsbúnaðar.

Miklar framkvæmdir voru í gangi í orlofshúsabyggðinni í Ölfusborgum á árinu, og munu þær standa fram á árið 2026. Skipt verður um vatnslagnir og rafmagnsstrengi í húsunum, ásamt því að leggja ljósleiðara. Samhliða því verkefni hefur orlofssvið nýtt tækifærið og endurnýjað helstu húsmuni í bústöðunum.

Í árslok 2025 átti orlofssjóður 73 orlofshús, vítt og breitt um landið. Þá leigði sjóðurinn einnig sex hús, ýmist allt árið um kring eða yfir sumartímann.

MARKMIÐ OG STEFNA

Stefna orlofssjóðs Eflingar er áfram skýr og óbreytt. Markmið sjóðsins er að tryggja félagsfólki fjölbreytta og góða orlofskosti um land allt, á sama tíma og lögð er áherslu á vandaða og langtímamiðaða umsýslu eignasafnsins. Þá er stefnt að því að bæta orlofskosti enn frekar, auka fjölbreytileika í framboði til að mæta þörfum og væntingum félagsfólks.

Liður í þeirri stefnu er að leggja ríka áherslu á reglulegt viðhald, ytra og innra skipulag húsanna, vandaðar innréttingar og heildstæða upplifun félagsfólks Eflingar. Samhliða því er unnið markvisst að því að halda eignasafninu í góðu jafnvægi með skynsamlegum kaupum og sölum þegar það á við, þannig að rekstur sjóðsins sé traustur og sjálfbær til framtíðar.

FRAMTÍÐARSÝN

Stærstu verkefni ársins 2026 felast í að ljúka framkvæmdum í Ölfusborgum og við Hvamm í Skorradal, ráðast í endurnýjun og breytingar í orlofshúsum á Akureyri og halda áfram markvissu viðhaldi og endurnýjun innbús í Svignaskarði. Þá er einnig fyrirhuguð uppbygging leiksvæðis í Reykholti, ásamt öðrum nauðsynlegum umbóta- verkefnum.



Starfsemi fræðslu- og félagsmálasviðs

Svið fræðslu- og félagsmála á skrifstofu Eflingar hefur með höndum skipulagningu á félagslegu starfi og fræðsluviðburðum. Öflun trúnaðarmanna á vinnustöðum, skipulagning trúnaðarmannanámskeiða og umsýsla tengd trúnaðarráði eru umfangsmestu verkefni sviðsins, en þessi verkefni hafa á liðnum árum öll orðið meiri að vöxtum og kallað á aukinn mannafla.

FRÆÐSLA OG NÁMSKEIÐAHALD

Fræðslustarf og námskeiðahald á vegum Eflingar var með svipuðum hætti á árinu 2025 og verið hefur á liðnum árum.

FAGNÁMSKEIÐ

Stór hluti fræðsludagskrár Eflingar eru fagnámskeið sem nýtast félagsfólki í ýmsum atvinnugreinum. Þessi námskeið eru flest hver greidd að fullu af starfsmenntasjóðum Eflingar og eru því félagsfólki að kostnaðarlausu. Sum námskeiðanna eru hluti af viðameiri námsbrautum sem leiða til viðurkenningar með breyttu starfsheiti og bættum launakjörum.

Samtals skráðu sig 199 Eflingarfélagar á hin ýmsu fagnámskeið á árinu 2025.

RÉTTINDANÁMSKEIÐ

Á fræðsludagskrá Eflingar eru námskeið um ýmis réttindatengd málefni. Má þar nefna réttindanámskeið sem fjallar um almenn réttindi og skyldur á vinnumarkaði, en það er kennt á íslensku með enskri túlkun og á pólsku. Starfslokánámskeið og sérstök námskeið um lífeyrisréttindi eru iðulega þau mest sóttu á fræðsludagskrá félagsins. Einnig var boðið upp á námskeið um skattkerfið á Íslandi á ensku og pólsku.

Samtals skráðu 368 Eflingarfélagar sig á réttindanámskeið á árinu 2025.

TRÚNAÐARMANNAKERFIÐ

Forgangsráði í félagslegu starfi Eflingar er að fjölga trúnaðarmönnum á vinnustöðum, sér í lagi á almenna vinnumarkaðnum þar sem algengara er að enginn trúnaðarmaður sé til staðar en hjá hinu opinbera.

Á árinu 2025 var skipað í stöður 104 nýrra trúnaðarmanna og 86 skipanir runnu út. Heildarfjöldi trúnaðarmanna jókst úr 140 í 159, eða sem nemur um 13%.

Nokkrir þeirra sem voru skipaðir voru að endurnýja skipun sína, en yfirgnæfandi meirihluti var að taka við skipun trúnaðarmanns í fyrsta sinn. Einnig voru fjölmörg dæmi um vinnustaði þar sem trúnaðarmaður hafði aldrei, eða ekki til langs tíma, verið til staðar.

Í samræmi við reglugerð Eflingar um störf trúnaðarmanna hefur félagið tekið upp þá framkvæmd að afskrá trúnaðarmenn sem ekki svara erindum frá félaginu og mæta ekki á námskeið. Einnig er fylgst með því að trúnaðarmaður sé tekinn af skrá um leið ef hann hættir

störfum á vinnustað. Þetta þýðir að tölur félagsins yfir fjölda trúnaðarmanna á skrá endurspeglar raunverulega virka trúnaðarmenn vel.

VINNUSTAÐAHEIMSÓKNIR

Fræðslu- og félagsmálasvið hélt á árinu 2025 áfram skipulögðum heimsóknnum vettvangsfulltrúa á vinnustaði Eflingarfélaga, með það að markmiði að afla nýrra trúnaðarmanna. Verklag og skipulag við þessar heimsóknir er í sífelldri mótun.



Farið var í 28 vettvangsferðir, en í hverri slíkrri ferð voru yfirleitt nokkrir aðskildir vinnustaðir heimsóttir. Um 17 virkir félagsmenn hafa farið í eina eða fleiri slíka heimsókn á árinu.

Það er reynsla félagsins að heimsóknir á vinnustaði eru lang skilvirkasta leiðin til að mynda tengsl við félagsfólk á vinnustöðum þeirra og hvetja þá til að velja sér trúnaðarmann. Í sumum tilvikum hefur verið farin sú leið að hringja í félagsfólk áður en farið er á vettvang, en sú aðferð á vel við þar sem félagsfólk starfar á dreifðum verkstöðum, svo sem í ræstingu og öryggisgæslu.

TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ

Efling hefur á síðustu árum rutt nýja braut innan íslensku verkalyðshreyfingarinnar í skipulagi fræðslu og þjálfunar fyrir trúnaðarmenn. Fyrsta skrefið í þeirri vinnu var þegar félagið tók yfir allt skipulag námskeiðanna frá Félagsmálaskóla alþýðu árið 2022. Síðan þá hefur ný og metnaðarfullri framkvæmd námskeiða fest sig í sessi, og var smiðshöggvið slegið á það með nýjum ákvæðum í kjarasamningi sem tryggja öllum trúnaðarmönnum Eflingar rétt til setu á námskeiðum allt að 10 virka daga á ári, séu námskeiðin dreifð yfir árið líkt og þau eru nú ávallt.

Félagið stendur fyrir reglulegum dagslögum námskeiðum mánaðarlega á tímabilinu september til maí, alls níu námskeiðum, og sækja allir trúnaðarmenn öll námskeiðin út sinn skipunartíma. Frá haustinu 2024 hefur þeirri framkvæmd verið beitt skipta námskeiðunum upp milli almenna og opinbera markaðarins, því sem næst án undantekninga. Er þetta gert bæði vegna aukins fjölda sem sækir námskeiðin og til að geta fjallað ítarlegar um málefni sem snerta hvorn geira um sig sérstaklega.

Sumarið 2025 var sú nýjung innleidd að bjóða upp



á sérstakt, styttra byrjendanámskeið eingöngu fyrir nýskipaða trúnaðarmenn. Þannig er hægt að tryggja að nýir trúnaðarmenn fái nauðsynlega fræðslu og upplýsingar sem eiga sérstakt erindi við þá. Þetta fyrirkomulag hefur gefist mjög vel og hafa byrjendanámskeið verið á dagskrá allt að því mánaðarlega, og mæting á þau yfirleitt með ágætum eða í kringum 10 manns.

Námsskrá og viðfangsefni námskeiðanna eru í sífelldri þróun, og þjóna bæði sem grunnþjálfun og símenntun þar sem bæði nýrri og reyndari trúnaðarmenn koma saman á námskeiðunum. Oft er unnin hópavinna og þess er gætt að brjóta dagskránnu reglulega upp með léttari viðburðum, svo sem jóga, vettvangsheimsókn-um eða hópefli. Formaður Eflingar er jafnan viðstaddur námskeiðin og kemur áleiðis fregnum úr pólitísku starfi félagsins, til að mynda á vettvangi Alþýðusambandsins.

Í maí 2025 var dagskráin brotin upp og fyrirlestrahaldið fært á Hótel Örk, þangað sem þátttakendur óku saman í rútu. Að lokinni hefðbundinni kennslu var haldið upp á Langjökul og ekið þar um á vélsleðum. Samdóma álit þátttakenda var að þetta væri frábær leið til að þjappa hópnum saman og ljúka dagskrá vetrarins.

Meðal viðfangsefna á námskeiðum árið 2025 voru:

- Bestu aðferðir og góð vinnubrögð við að bregðast við kvörtunum vinnufélaga.
- Röð fyrirlestra og æfinga um „örugga tjáningu“.
- Orlofsréttindi, veikinda- og slysaréttur, vinnutíma-reglur og önnur kjarasambandsbundin réttindi.
- Ferlið við gjaldþrot, gjaldþrotaskipti og að sækja vangoldin laun í Ábyrgðarsjóð launa.
- Kynning á rannsókn Adam Fishwick á átaki Eflingar við endurnýjað verkalyðsstarf og umbreytingu félagsins í baráttusamtök.
- Kynning um EKKO-mál.
- Hið lagalega ferli og helstu aðilar sem koma að kjarasamningagerð á Íslandi.

Í samræmi við ákvörðun stjórnar og umræðu á vettvangi félagsins árið 2024 hefur sú framkvæmd verið fest í sessi að í lok hvers námskeiðs er send mætingarstaðfesting á alla atvinnurekendur sem veittu staðfestu heimild trúnaðarmanns til setu á námskeiðinu á launum. Er þetta hugsað til að skapa traust gagnvart atvinnurekendum og tryggja aðhald varðandi að trúnaðarmenn nýti sér sannarlega dýrmæta heimild til námskeiðssetu á vinnutíma.

VINNUSTAÐAFUNDIR

Mikil áhersla var lögð það á trúnaðarmannanámskeiðum nær allt árið 2025 að þjálfva og hvetja trúnaðarmenn til að halda vinnustaðafundi, sem er bæði krefjandi og vandasamt verkefni. Stefna félagsins er að allir virkir trúnaðarmenn nýti til fulls heimildir kjarasamninga til að halda vinnustaðafundi tvisvar á ári.

Mikill árangur náðist í skipulagningu vinnustaðafunda árið 2025. Fjölmargir trúnaðarmenn hafa riðið á vaðið og skipulagt vinnustaðafundi, og er það oft í fyrsta skipti sem vinnustaðafundur er haldinn á þeim vinnustað. Sumir hafa haldið fundi oft en einu sinni og yfirstigið ymsar hindranir, svo sem hvernig eigi að haga fundum þegar unnið er á vöktum eða á fleiri en einni starfsstöð.

TRÚNAÐARRÁÐ

Störf Trúnaðarráðs Eflingar voru með hefðbundnu sniði árið 2025, en ráðið starfar samkvæmt lögum Eflingar og eigin reglugerðum. Stórt verkefni trúnaðarráðs veturinn 2025-2026 var málefnavinna sem miðaði að því að undirbúa ályktanir fyrir Eflingarþing í febrúar 2026.

Fundir voru haldnir mánaðarlega tímabilið september-maí. Fundir eru undir venjulegum kringumstæðum haldnir í Félagsheimili Eflingar í Guðrúnartúni 1, en vegna framkvæmda voru þeir fluttir úr húsi haustið 2025.



Viðburðir

Haldnir voru fjölmargir skemmtiviðburðir fyrir félagsfólk Eflingar á árinu 2025, og bar starfsfólk fræðslu- og félagsmálasviðs hitann og þungann af skipulagningu og framkvæmd þeirra. Slíkum skemmtiviðburðum hefur fjölgað töluvert á síðustu árum og þeir orðnir veglegri, við mikla ánægju félagsfólks.

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ FYRSTA MAÍ

Hátíðarhöld Eflingar þann 1. maí 2025 voru með breyttu og enn metnaðarfullra sniði en áður. Eftir vel heppnaða fjölskylduhátíð í Kolaportinu árið á undan var ákveðið að stíga skrefinu lengra og færa dagskrána í Hvalasafnið á

Granda. Staðsetningin reyndist einstaklega vel til þess fallin að hýsa viðburð af þessari stærðargráðu og gaf honum ævintýrlegan blæ.

Hátíðin einkenndist af frábærri stemningu, gleði og góðri aðsókn. Fyrir utan safnið biðu matarvagnar þar sem pizzur flugu út, hamborgarar voru grillaðir í hundraðatali og ljúffengir kleinhringir freistuðu gesta á öllum aldri. Inni í salnum var boðið upp á ís, candyfloss og poppkorn, sem setti punktin yfir i-ið hjá yngstu kynslóðinni.

Skemmtiatriðin slógu rækilega í gegn, Wally trúður úr Sirkus Íslands vakti mikla kátínu, DJ Sunna Ben hélt uppi fjörinu með frábæru lagavali, andlitsmálun var vinsæl meðal barnanna að vanda og hátíðinni lauk svo með glæsibrag þegar Lúðrasveit verkalyðsins mætti og spilaði nokkra vel valda slagara.

ELDRIBORGARAKAFFI

Eldriborgarakaffi Eflingar er árviðs viðburður sem nýtur mikilla vinsælda hjá félagsmönnum og er iðulega haldinn með sama sniði. Árið 2025 fór hann fram þann 25. maí, og var eins og svo oft áður haldinn í Gullhömrum í Grafarholti.

MATUR OG MENNING

Fjölbjóðlega matarveislan Matur og menning hefur á skömmum tíma fest sig í sessi sem einn vinsælasti skemmtiviðburður félagsins, en Matur og menning fór fram í fyrsta sinn árið 2023. Árið 2025 var því þriðja skiptið sem viðburðurinn er haldinn. Vegna vinnu við húsnæðisbreytingar í Guðrúnartúni 1 var ekki hægt að halda viðburðinn í Félagsheimilinu, og var hann þess í stað í lönó við Tjörnina sem rúmar enn fleiri gesti. Þrátt fyrir það komust færri að en vildu, svo vinsæl er hátíðin orðin. Eflingarfélagar buðu upp á mat frá yfir 20 löndum og fylltist húsið af ilmi, stemningu og gleði.

Á boðstólum var allt frá heilgrilluðum grís að filippseyskum hætti til íransks eftirréttar „að hætti ömmu“, og íslenskrar brauðertu. Á hátíðinni var einnig boðið upp á fjölbreytta dagskrá þar sem Eflingarfélagar og fjölskyldur þeirra tróðu upp. Spilað var á hljóðfæri, sungið og dansað. Með sanni má segja að Matur og menning hafi verið sannkölluð hátíð fjölbreytileikans, vináttu og samstöðu.

BÍÓSYNINGAR

Í nóvember 2024 efndi félagið í fyrsta skipti til bíósýningar fyrir félagsmenn, sem gafst vel og var ákveðið að framhald yrði á slíkum sýningum. Voru þær sýningar í vetrarfríum grunnskóla og mæting með miklum ágætum. Í febrúar var Paddington í Perú sýnd í Laugarásbíó og í vetrarfríi októbermánaðar var óskarsverðlaunamyndin Kisi (e. Flow) sýnd í Bíó Paradís. Á báðum sýningum var boðið upp á popp og gos og mættu rúmlega 80 Eflingarfélagar og börn á hvora sýningu.

JÓLAHLAÐBORÐ VIRKRA FÉLAGSMANNA

Jólahlaðborð virkra félagsmanna er vegleg uppskeruveisla fyrir þá félagsmenn sem halda uppi félagslegu starfi Eflingar með því að gegna trúnaðarmannastöðum, sitja í trúnaðarráði og gegna öðrum trúnaðarstörfum sem kveðið er á um í lögum félagsins. Sú hefð hefur myndast að virkum félagsmönnum er frjálst að bjóða með sér á hlaðborðið einum öðrum Eflingarfélaga, til dæmis vinnufélaga eða fjölskyldumeðlim.

Jólahlaðborðið fór að þessu sinni fram 11. desember á Hilton Hótel Nordica. Á dagskrá var happdrætti þar sem til mikils var að vinna og tónlistaratriði þar sem Unnsteinn Manúel úr Retro Stefson steig á stökk við mikinn fögnuð viðstaddra.

JÓLABALL

Jólaball Eflingar er fastur liður í tilveru Eflingarfélaga með börn. Það fór að þessu sinni fram 13. desember í Gullhömrum í Grafarvogi og var með sama sniði og á undanförunum árum, sem ávallt hefur vakið gleði og komið Eflingarfélögum og fjölskyldum þeirra í jólaskap.



Yfir 360 manns á öllum aldri komu á ballið og áttu góða stund saman. Jólasveinar komu að venju í heimsókn, hljómsveit hússins sá um tónlist og boðið var upp á veitingar og sætindi. Að sjálfsögðu var dansað í kringum jólatréð.

Upplýsinga- og kynningarmál

Upplýsinga- og kynningarmál Eflingar snerust á árinu um margþætt samskipti við fjölmiðla, upplýsingagjöf um málefni félagsins út á við, sem og upplýsingamiðlun inn á við. Þá studdi upplýsingafulltrúi önnur svið og félagslega forystu Eflingar með ýmsum hætti.

UMFJÖLLUN Í FJÖLMIÐLUM

Alls voru sagðar á sjöunda hundrað fréttir af málefnum Eflingar í fjölmiðlum á árinu 2025. Flestar voru þær í byrjun árs og fjölluðu einkum um aðgerðir félagsins vegna launaþjófnaðar og réttindabrota á veitingahúsum, og einnig um aðgerðir vegna réttindabrota í ræstingageiranum.

Umfjöllun um Eflingu var minni í fjölmiðlum á árinu 2025 en verið hafði árið á undan. Kemur þar meðal annars til að mikil umfjöllun var um gerð Stöðugleikasamninganna fyrri hluta árs 2024, en ekki var um umfangsmiklar kjaradeilur að ræða á árinu 2025. Samkvæmt fréttaskori sem gefið er út af CreditInfo hafði um helmingur fréttanna sem sagðar voru mikið vægi fyrir félagið.

Um 80 prósent allra fréttanna sem sagðar voru af málefnum Eflingar birtust á netmiðlum en aðrar fréttir skiptust því sem næst jafnt milli prentmiðla og ljósvakamiðla.

VEFSÍÐA EFLINGAR

Árið 2025 voru birtar um 170 fréttir á vef Eflingar, allar á bæði íslensku og ensku. Um var að ræða margþætta upplýsingamiðlun, fréttir af aðgerðum félagsins, af rekstri og þjónustu við félagsfólk, greinar og greiningar auk annars. Þá var fjöldi tilkynninga birtur á vefnum til að miða upplýsingum til félagsfólks. Öllum fréttum var deilt á Facebook-síðu félagsins.



NÝ VEFSÍÐA

Unnið var að gerð nýrrar vefsíðu Eflingar allt árið 2025, með mismiklum áherslum eftir tímabilum. Ný vefsíða var tekin í notkun í mars 2026 og er ljóst að hún mun bæta upplýsingamiðlun til félagsfólks Eflingar verulega.

NIÐURSTÖÐUR KANNANA

Skrifstofa Eflingar tók nú sem fyrr þátt í vinnustaða-könnuninni Fyrirtæki ársins.

Niðurstaðan var glæsileg fyrir Eflingu stéttarfélag sem vinnustað. Af níu þáttum sem könnunin náði til var með-altalseinkunn Eflingar hærrí í fimm þeirra heldur en hjá öðrum vinnustöðum sem þátt tóku. Í tveimur til viðbótar var einkunn Eflingar á pari við aðra vinnustaði.

Heildareinkunn Eflingar var sambærileg við vinnustaði í sama stærðarflokki, sem og alla vinnustaði sem tóku þátt í könnuninni, óháð stærð þeirra.

Þá var meðaleinkunn Eflingar í þættinum *Jafnrétti* áberandi hærrí en meðaleinkunn bæði sambærilegra vinnustaða, sem og allra vinnustaða sem þátt tóku.

Þekking á vörumerkinu Efling var könnuð af Gallup árið 2025, þriðja árið í röð. Þekking á vörumerkinu Efling dalaði örlítið milli ára en 70 prósent svarenda sögðust þekkja vörumerkið vel. Að sama skapi fjölgaði þeim lítillega sem voru jákvæðir í garð Eflingar, á meðan þeim sem voru neikvæðir fækkaði um 3 prósentustig frá fyrra ári.

Þá hlaut skrifstofa Eflingar viðurkenningu HR Monitor fyrir að vera mannauðshugsandi vinnustaður árið 2025, annað árið í röð.

Félagslegt starf

STÖRF STJÓRNAR

Stjórn Eflingar hélt 21 stjórnarfund árið 2025. Einnig var haldinn sérstakur starfsdagur stjórnar. Fundir eru að jafnaði haldnir á fimmtudögum tvisvar í mánuði, nema yfir sumarleyfistímamann.

Á fundum stjórnar eru til umræðu öll félagspólitísk störf Eflingar ásamt því sem viðkemur rekstri félagsins. Umfjöllunarefni varða því sem næst allt starf félagsins. Einnig fjallar stjórn um, og mótar, stefnu er varðar samskipti við aðra aðila íslenskrar verkalyðshreyfingar, alla viðsemjendur og stjórnvöld, aðra opinbera aðila og erlend systurfélög.

Stjórn fær með reglulegu millibili heimsóknir á fundi frá framkvæmdastjóra Eflingar og öðrum stjórnendum til að ræða stöðu reksturs, umbóta og ýmissa frampróunarverkefna á vettvangi skrifstofu Eflingar. Einnig fylgist stjórn með og styður starf sviðs fræðslu- og félagsmála-sviðs um fjölgun trúnaðarmanna Eflingar, en það verkefni hefur gengið vel og skilað miklum árangri.

Fyrri hluta árs lagði stjórn Eflingar meðal annars verulega áherslu á að berjast gegn markvissum tilraunum Samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði (SVEIT) til að veikja kjör starfsfólks í veitingageiranum. Var það framhald á aðgerðum sem hófust síðari hluta árs 2024. Í mars kvartaði Efling ásamt ASÍ og SGS til Samkeppnis-eftirlitsins vegna ólöglegs samráðs SVEIT og fyrirtækja á veitingamarkaði, sem gerðu kjarasamninga við gervi-

stéttarfélagið Virðingu. Samkeppniseftirlitið tók í apríl málið til formlegrar rannsóknar.

Sömuleiðis sendi formaður fyrir hönd stjórnar áskorun á 25 opinberar stofnanir um að hætta viðskiptum við veitingafyrirtæki í SVEIT sem brytu með sama hætti gegn gildandi kjarasamningum.

Þá voru málefni ræstingastarfsfólks fyrirferðarmikil í starfi stjórnar en upplýsingar um siðlausa framkomu ræstingafyrirtækja gegn starfsfólki sínu urðu opinberar í upphafi árs.

Stjórn Eflingar samþykkti að ganga til samstarfs við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sumarið 2025 varðandi rannsókn á húsnæðisaðstæðum fólks með erlent ríkisfang. Erfiðlega hafði gengið að fá fram upplýsingar um stöðu þess hóps fram til þess. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í september og sýna að staða aðfluttra Eflingarfélaga er verulega bágbornari en samanburðarhópa. Krafa Eflingar er að ráðist verði í tafarlausar aðgerðir til að bæta stöðu aðfluttra, sem og allra Eflingarfélaga, á húsnæðismarkaði.

Í stjórn situr fjölbreyttur hópur fólks sem starfar bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði og býr yfir gríðarlega mikilli reynslu sem nýtist vel í öllum þeim mörgu kjarasamningsviðræðum sem félagið á í sem og öðrum málum og samskiptum.

VEITTIR STYRKIR

Undir stjórn Eflingar starfar undirnefndin Styrkjanevnd. Tilgangur nefndarinnar er að móttaka og afgreiða allar styrkbeiðnir sem Eflingu stéttarfélagi berast sem heyra beint undir félagssjóð.

Í nefndinni sitja fimm fulltrúar úr röðum stjórnarmanna. Á árinu 2025 skipuðu nefndina Þórir Jóhannesson (formaður), Guðmunda Valdís Helgadóttir, Hjörtur Birgir Jóhannuson, Karla Esperanza Barralaga Ocón og Sólveig Anna Jónsdóttir.

Samtals bárust 22 styrkumsóknir til Eflingar á starfstímabili nefndarinnar. Ákveðið var að styrkja 13 aðila, að samtals 4.520.000 kr. Að auki styrkti Efling 34 aðila með kaupum á styrktarlínu eða lógó, samtals 671.320 kr.

Umsóknaraðili	Upphæð veitt
Afstaða	700.000 kr
Á allra vörum	300.000 kr
Félag heyrnarlausra	105.000 kr
Forskot á framtíð	500.000 kr
Geðhjálp	200.000 kr
Hjálparstarf kirkjunnar	750.000 kr
Íþróttfélagið Ösp	165.000 kr
Klúbburinn Geysir	400.000 kr
Knattspyrnufélagið Ægir	150.000 kr
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	750.000 kr
Rauði kross Íslands	300.000 kr
Samhjálp	100.000 kr
SÁÁ	100.000 kr
Samtals	4.520.000 kr

Einnig veitti stjórn Eflingar aðra styrki á árinu. Til að mynda samþykkti stjórn styrk til Alanó hússins sem hýsir flest allt 12 spora starf á höfuðborgarsvæðinu. Sömuleiðis samþykkti stjórn að styrkja útgáfu þriðja og síðasta bindis sögu Dagsbrúnar, sem Þorleifur Friðriksson ritar.

TRÚNAÐARRÁÐ

Störf Trúnaðarráðs Eflingar voru með hefðbundnu sniði árið 2025, en ráðið starfar samkvæmt lögum Eflingar og eigin reglugerð. Stórt verkefni trúnaðarráðs veturinn 2025-2026 var málefnavinna sem miðaði að því að undirbúa ályktanir fyrir Eflingarþing í febrúar 2026.

Fundir voru haldnir mánaðarlega tímabilið september-maí.



Alþjóðastarf

Efling hefur á síðustu misserum aukið þátttöku sína í alþjóðlegu starfi verkalyðsfélaga. Sú þátttaka hefur þegar skilað ýmsum tengingum og árangri.

SUN

Efling varð meðlimur í SUN (Service- og tjanstebranschens Union i Norden) í júlí 2024 eftir að hafa haft áheyrnaraðild í um hálf t. Efling er aðili að ræstinga- og öryggisvarðadeildum sambandsins. Fulltrúar Eflingar hafa sótt reglulega fundi aðalstjórnar SUN, sem og stjórnarfundum í deildunum, auk þess að taka þátt í þingi SUN sem haldið var í Stavanger í lok ágúst 2025.

Samskipti og tengslamyndun á vettvangi SUN hefur gagnast starfi félagsins vel, til að mynda í samstarfi og upplýsingamiðlum við stéttarfélagið 3F í Danmörku varðandi vinnutakt og uppmælingar í ræstingum, en ræstingakafllinn í kjarasamningi Eflingar við SA er upphaflega að danskri fyrirmynd.

Ákveðið var á árinu að Efling taki við formennsku í ræstingahóp SUN árið 2026, sem felur í sér að stýra fundum og vinna að stóru sameiginlegu námskeiði fyrir trúnaðarmenn í geiranum sem áformað er að halda í Finnlandi í september 2026.

Á árinu 2025 vann Efling f.h. SUN ítarlegan samanburð á kjarasamningum öryggisvarða á Norðurlöndum og mun vinna sams konar verkefni fyrir ræstingageirann á árinu 2026.

Efling fékk Lars Christian Fjeldstad, lögfræðing hjá norska alþýðusambandinu LO, til að taka þátt í Eflingarþingi í 26.-27. febrúar 2026. Umfjöllunarefnið var nýleg norsk lagasetning gegn launþjófnaði. Heimsóknin er dæmi um árangur af tengslamyndun og samstarfi við verkalyðshreyfinguna á Norðurlöndum sem er tilkomin í kjölfar aðildar að SUN.

Viðar Þorsteinsson er tengiliður Eflingar við SUN en aðrir starfsmenn félagsins og stjórnarmenn hafa einnig tekið þátt í starfinu og sótt fundi eftir þörfum.

UNI GLOBAL

Efling sótti um og fékk aðild að UNI Global frá og með 1. janúar 2026. Efling á aðild að eignaumsjónardeild UNI (UNI Property Services), sem snýr að ræstingum og öryggisvörslu líkt og í SUN, og hjúkrunarheimiladeild (UNI Care).

Í aðdraganda aðildarumsóknarinnar bauð Efling Mark Bergfeld, starfsmanni UNI Global og aðaltengilið fyrir eignaumsjónar- og umönnunardeildirnar, til landsins 3.-5. september 2025. Mark flutti kynningu á starfsemi UNI fyrir stjórn Eflingar og flutti erindi á fundi trúnaðarráðs um alþjóðlegar áskoranir í ræstingageiranum.

Eitt af meginverkefnum UNI er þátttaka í svokölluðum „social dialogue“ á vettvangi Evrópusambandsins, sem er vettvangur þríliða samráðs milli sambandsins, stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda. Einnig á UNI í beinum samskiptum við samtök atvinnurekenda varðandi sameiginleg mál, til dæmis er varðar menntunarmál öryggisvarða. Jafnframt kemur UNI að samskiptum við fjölþjóðleg stórfyrirtæki og starfi vinnustaðaráða (EWC).

Efling bauð Önnu Bacia, formanni stéttarfélags hjúkrunarheimilastarfsfólks í Póllandi, að taka þátt í Eflingarþingi 26.-27. febrúar 2026. Tengsl komust á við hana með milligöngu UNI, þar sem stéttarfélag hennar er meðlimur.

ANNAD ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Efling tók í nóvember og desember 2025 þátt í fjarnámskeiðinu PowerUP, sem er skipulagt undir merkjum Organizing for Power (O4P) verkefnisins og hýst hjá Rosu Luxemburg stofnuninni í Þýskalandi. Blandaður hópur virkra félagsmanna og starfsmanna Eflingar tók þátt í fjórum kennslustundum, sem einnig kröfðust verkefnavinnu á undan og eftir. Þátttakendur í námskeiðinu komu frá tugum ólíkra þjóðlanda. Efling hefur síðastliðið sex ár tekið reglulega þátt í sambærilegum námskeiðum hjá O4P og hefur sú vinna haft mikil áhrif á stefnu og aðferðir félagsins við þróun á félagslegu starfi.

Í kjölfar tengslamyndunar í gegnum O4P hefur Efling skipulagt Íslandsheimsókn verkalyðsskipuleggjandans KB Brower í apríl 2026. Brower er eftirsóttur þjálfari og fyrirlesari um skipulagða verkalyðsbarátta í anda hugmynda Jane McAlevey, en Brower hlaut þjálfun sína hjá henni.



Kjara- og efnahagsþróun

Í ársbyrjun 2025 hækkuðu laun samkvæmt kjarasamningunum frá 2024. Taxti Eflingarfólks hækkaði um 5,6%, og í apríl bættist við kaup-taxtaauki upp á 0,58%, þannig að launataflan hækkaði samtals um 6,2% á árinu. Þetta gildir fyrir þau sem eru á strípuðum taxtalaunum en aðrir fengu 3,25% hækkun. Að meðaltali hækkaði launakostnaður atvinnurekenda Eflingarfólks um rúmlega 4% vegna kjarasamninganna.

Samt hækkaði launavísitalan mun meira, eða um nærri 8% á ársgrundvelli. Það var því um mikið launaskrið að ræða á árinu, mest vegna mun meiri hækkana í opinbera geiranum, en einnig vegna hækkana umfram kjarasamninga á almennum markaði.

Það er því ljóst að markmið kjarasamninganna um hóflegar launahækkningar til að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta náðust ekki, vegna þess að atvinnurekendur hleyptu of miklu launaskriði í gegn og opinberir atvinnurekendur sömdu langt út fyrir rammann sem launafólk í Breiðfyllkingunni lagði upp með í fjögurra ára samningnum. Þetta á sinn þátt í óhagstæðri þróun verðbólgu og vaxta á árinu 2025 og inn í árið 2026. Fyrirtæki og stjórnvöld stóðu heldur ekki við loforð um verulegt aðhald í verðhækkunum. Þetta hlýtur að vera mikið umhugsunarefni fyrir Eflingarfólk.

Hagvöxtur var slakur á árinu vegna hárra raunvaxta og tímabundinna áfalla í einstökum stórfyrirtækjum. Samt taldi Seðlabankinn mikla þörf á að standa fast á bremsunni með háu raunvaxtastigi, sem nú er farið að auka atvinnuleysi umtalsvert. Það endurspeglar ómarkviss og ófullnægjandi áhrif peningastefnu Seðlabankans að þó verulega hafi hægt á efnahagssumsvifum og dregið úr spennu á vinnumarkaði þá næst ekki nógu mikill árangur í lækkun verðbólgunnar. Nauðsynlegt er að beita öðrum úrræðum en hávaxtastefnu Seðlabankans.

Horfur fyrir árið 2026 hafa síðan hriðversnað vegna aukinna stríðsátaka í Mið austurlöndum, með hækkun olíuverðs og annarra neikvæðra áhrifa á verðlag og hagvöxt. Þegar þetta er ritað hafa líkur aukist á að forsendur kjarasamninganna brestu í haust.

Stjórnir Eflingar 2025

Stjórn Eflingar

Sólveig Anna Jónsdóttir, *formaður*
Þórir Jóhannesson, *varaformaður*
Michael Bragi Whalley, *gjaldkeri*
Guðmunda Valdís Helgadóttir, *ritari*
Alexa Tracia Patrizi
Guðbjörg María Jósepsdóttir
Hjörtur Birgir Jóhannuson

Ian Phillip McDonald
Innocentia Fiati
Karla Esperanza Barralaga Ocon
Olga Leonsdóttir
Rögnvaldur Ómar Reynisson
Sæþór Benjamín Randalsson
Sigurjón Ármann Björnsson

Stjórnir nefnda og sjóða

Fræðslusjóður

Aðalmenn

Michael Bragi Whalley, *formaður*
Hjörtur Birgir Jóhannuson,
varaformaður
Barbara Maria Sawka
Innocentia Fiati Friðgeirsson
Karla Barralaga Ocon

Varamenn

Greta Íris Karlsdóttir
Katrín Phumipraman

Sjúkrasjóður

Aðalmenn

Sólveig Anna Jónsdóttir, *formaður*
Þórir Jóhannesson, *varaformaður*
Olga Leonsdóttir
Kolbrún Valvesdóttir
Ragnar Ólason

Varamenn

Bozena Bronislaw Raczowska
Mary Jane Gonzales Munoz

Orlofssjóður

Aðalmenn

Sólveig Anna Jónsdóttir, *formaður*
Guðbjörg María Jósepsdóttir,
varaformaður
Guðmunda Valdís Helgadóttir
Ian Phillip McDonald
Michael Bragi Whalley

Varamenn

Hlíf Berglind Óskarsdóttir
Örvar Þór Guðmundsson

Vinnudeilusjóður

Aðalmenn

Sæþór Benjamín Randalsson, *formaður*
Rögnvaldur Ómar Reynisson,
varaformaður
Ásthildur J L Kolbeins
Guðmundur Ingi Þóroddsson
Heiðberg Leó Hreinsson

Varamenn

Lucyna Dybka
Valtýr Björn Thors

Fræðslusjóður Eflingar og opinberra launagreiðenda

Sólveig Anna Jónsdóttir
Ásta Bjarnadóttir
Halldóra Friðjónsdóttir
Íris Jóhannsdóttir
Ragnar Ólason
Sigríður Sigurðardóttir
Sigríður Þ. Stefánsdóttir

Uppstillingarnefnd

Aðalmenn

Alexa Patrizi
Benni Singh
Hjördís Bech Ásgeirsdóttir
Hlynur G. Ómarsson
Hörður Aðalsteinsson

Varamenn

Adrian Stoenescu
Heiðberg Leó Hreinsson
Jón Ísak Hróarsson
Mary Jane Gonzales Munoz
Örvar Þór Guðmundsson

Kjörstjórn

Aðalmenn

Karen Ósk Nielsen, *lögmaður ASÍ,*
tilnefnd af ASÍ
Anna Björk Ágústsdóttir
Erla Hestnes
Grétar Sigurðsson
Reynaldo C. Renegado

Varamenn

Halldór Oddsson, *tilnefndur af ASÍ*
Heiðberg Leó Hreinsson
Hreinn Jónsson
Signe R. Skarsbö
Vigdís Einarsdóttir Hagerup

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna Eflingar stéttarfélags

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Eflingar stéttarfélags fyrir árið 2025. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Eflingu stéttarfélagi í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og formaður bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela ársskýrslu félagsins.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ábyrgð stjórnar og formanns á samstæðuársreikningnum

Stjórn og formaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og formaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og formaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Eflingar stéttarfélags. Ef við á, skulu stjórn og formaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og formaður hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.


Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 12. mars 2026

Deloitte ehf.



Signý Magnúsdóttir
endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir félagslega kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið þennan samstæðuársreikning og með tilvísun til áritunar endurskoðanda félagsins leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 12. mars 2026



Bozena Bronisława Raczowska



Valtýr Björn Thors

Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Eflingar stéttarfélags fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

Megin hlutverk Eflingar stéttarfélags er að vinna að gerð kjarasamninga, túlka þá í málefnum félagsfólks, byggja upp réttindi í sjóðum fyrir félagsmenn og verja réttindi þeirra í kjarasamningum og vinnudeilum, gagnvart slysa- og veikindarétti, orlofsmálum og í fræðslumálum. Efling stéttarfélag veitir félagsmönnum sínum fjölpætta þjónustu á þessum sviðum.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

Félagsgjöld félagsins námu 3.981,0 m.kr. á árinu 2025 (2024: 3.528,8 m.kr.) og hækkuðu því um 452,2 m.kr. milli ára eða um 12,81%. Hagnaður félagsins á árinu 2025 nam 1.285,4 m.kr. (2024: 1.281,0 m.kr.). Eigið fé nam 17.617,3 m.kr. í árslok (árslok 2024: 16.272,0 m.kr.). Í árslok var eiginfjárlutfall 96,70% (árslok 2024: 97,29%).

Í upphafi árs, þann 1. janúar 2025, var sjóðum félagsins fækkað með sameiningu. Annars vegar rann Fræðslusjóður inn í Félagssjóð og hins vegar rann Styrktarsjóður inn í Sjúkrasjóð.

Tillaga til aðalfundar


Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Stjórn og formaður Eflingar stéttarfélags staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. mars 2026

Í stjórn

Alexa Tracia Patrizi



Guðmunda Valdís Helgadóttir (ritari)



Ian P. McDonald




Karla E. B. Ocon



Michael B. Whalley (gjaldkeri)



Rögnvaldur Ó. Reynisson




Þórir Jóhannesson (Varaformaður)



Formaður

Sólveig Anna Jónsdóttir



Guðbjörg M. Jósepsdóttir




Hjörtur B. Jóhannuson




Innocentia F. Fiati



Sigurjón Ármann Björnsson



Olga Leonsdóttir



Sæpór B. Randalsson



Framkvæmdastjóri



Perla Ösp Ásgeirsdóttir

Rekstrarreikningur 2025

	Skýr.	2025	2024
Tekjur			
Félagsgjöld		3.980.987.631	3.528.831.962
Leigutekjur orlofshúsa		94.046.704	85.311.829
Aðrar tekjur	4	156.759.774	38.534.353
Tekjur samtals		<u>4.231.794.109</u>	<u>3.652.678.144</u>
Kostnaður			
Bætur og styrkir	5	(1.726.156.461)	(1.734.804.258)
Laun og starfsmannakostnaður	6	(726.863.799)	(637.595.214)
Kostnaður vegna félagslegs starfs	7	(312.617.298)	(263.174.815)
Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta	8	(336.427.063)	(266.564.524)
Rekstrarkostnaður	9	(117.962.464)	(124.210.398)
Innheimta félagsgjalda	10	(60.594.138)	(54.066.450)
Húsnæðiskostnaður	11	(129.164.331)	(97.905.260)
Rekstur vinnudeilusjóðs	12	(5.319.743)	(10.896.488)
Afskriftir fastafjármuna	14	(94.474.880)	(42.193.473)
Kostnaður samtals		<u>(3.509.580.177)</u>	<u>(3.231.410.880)</u>
Rekstrarniðurstaða		<u>722.213.932</u>	<u>421.267.264</u>
Fjármagnstekjur	13	270.379.744	537.194.950
Fjármagnsgjöld	13	(14.931.938)	(4.698.056)
Gangvirðisbreyting verðbréfa	13	468.944.275	554.989.606
Fjármagnstekjuskattur		(161.196.379)	(227.707.149)
		<u>563.195.702</u>	<u>859.779.351</u>
Tekjur umfram gjöld		<u><u>1.285.409.634</u></u>	<u><u>1.281.046.615</u></u>

Efnahagsreikningur 31.12.2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Orlofsbyggðir og orlofshús	16	3.202.118.460	2.956.309.278
Lóðir og fasteignir	14	419.682.529	412.193.136
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	14	429.935.474	103.527.650
Verðbréfasjóðir	15	11.763.137.667	7.020.649.004
Skuldabréfaeign	15	828.565.785	5.906.813
		<u>16.643.439.915</u>	<u>10.498.585.881</u>
Veltufjármunir			
Bundnar innstæður	17	22.633.527	4.388.488.363
Handbært fé		1.015.237.571	1.698.503.860
Viðskiptakröfur	18	495.369.430	94.642.969
Birgðir		307.600	4.466.100
Aðrar skammtímakröfur		41.964.851	41.051.259
		<u>1.575.512.979</u>	<u>6.227.152.551</u>
Eignir		<u>18.218.952.894</u>	<u>16.725.738.432</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Sérstakur endurmatsreikningur	19	1.084.719.854	1.024.855.285
Óráðstafað eigið fé		16.532.576.206	15.247.166.572
		<u>17.617.296.060</u>	<u>16.272.021.857</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Áfallinn fjármagnstekjuskattur	20	287.371.166	184.727.121
		<u>287.371.166</u>	<u>184.727.121</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	22	35.479.387	38.091.091
Aðrar skammtímaskuldir	22	278.806.281	230.898.363
		<u>314.285.668</u>	<u>268.989.454</u>
Skuldir		<u>601.656.834</u>	<u>453.716.575</u>
Eigið fé og skuldir		<u>18.218.952.894</u>	<u>16.725.738.432</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Tekjur umfram gjöld		1.285.409.634	1.281.046.615
Afskriftir		94.474.880	42.193.473
Söluhagnaður		(64.685.092)	0
Hækkun, (lækkun) á skuldbindingu fjármagnstekjuskatts		102.389.644	109.760.944
Gangvirðisbreytingar af eignum og skuldum		(472.452.860)	(554.810.956)
Veltufé frá rekstri		945.136.206	878.190.076
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun)		(640.587.149)	(75.690.507)
Rekstartengdar skuldir, hækkun		288.656.211	327.414.080
		<u>593.205.268</u>	<u>1.129.913.649</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir		(549.631.618)	(397.518.347)
Keypt/seld skuldabréf		(818.382.386)	1.216.390.329
Afborganir skuldabréfa		7.232.141	23.099.438
Keypt/seld fjárfestingaverðbréf		(4.281.544.530)	(1.342.084.955)
Bundnar bankainnstæður, lækkun		4.365.854.836	2.950.371
		<u>(1.276.471.557)</u>	<u>(497.163.164)</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(683.266.289)	632.750.485
Handbært fé í upphafi árs		1.698.503.860	1.065.753.375
Handbært fé í lok árs		<u>1.015.237.571</u>	<u>1.698.503.860</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Efling stéttarfélag er stéttarfélag með starfssvið sem nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarsýslu að Botnsá, Grímsnes og Grafningshrepp, Hveragerðisbæ og Sveitarfélagið Ölfus. Starfssvið félagsmanna sem starfa á veitinga- og gististöðum og við iðnað nær auk þess yfir Hafnarfjörð og Garðabæ. Starfssvið félagsmanna sem starfa á Vífilsstöðum og í heimaþjónustu nær auk þess yfir Garðabæ. Félagið er aðili að Sjómannasambandi Íslands og með beina aðild að Alþýðusambandi Íslands.

Efling stéttarfélag er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningskilanna

Samtæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða. Samtæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningskilum að undanskildum markaðsverðbréfum sem færð eru á gangvirði og orlofshúsum sem endurmetin eru árlega. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður. Samtæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Aðrar tekjur

	2025	2024
Húsaleigutekjur	26.648.273	23.459.306
Samningur við Virk	5.175.453	11.946.870
Þóknun vegna starfsmenntasjóða	56.525.956	2.443.536
Söluhagnaður	68.410.092	684.641
	<u>156.759.774</u>	<u>38.534.353</u>

5. Bætur og styrkir

	2025	2024
Sjúkradagpeningar	1.523.517.257	1.534.693.898
Gleraugnastyrkur	35.677.570	35.241.275
Heilsurækt	66.770.707	64.475.473
Heyrnartækjastyrkur	1.928.119	2.413.700
Sjúkra/endurþjálfun	13.772.370	15.976.997
Laser augnaðgerðir	5.399.730	4.381.359
Tæknifrjónungun	8.486.245	5.773.947
Forvarnarstyrkur	6.815.770	8.134.012
Sálfræðiþjónusta	40.790.321	43.150.200
Dánarbætur	20.387.183	19.479.479
Dvöl á heilsustofnun	178.000	450.000
Styrkir styrktarsjóðs	2.433.189	633.918
	<u>1.726.156.461</u>	<u>1.734.804.258</u>

6. Laun og starfsmannakostnaður

	2025	2024
Laun	562.722.379	503.022.255
Lífeyrissjóður	77.435.344	61.389.079
Önnur launatengd gjöld	42.916.529	42.862.317
Annar starfsmannakostnaður	43.789.547	30.321.563
	<u>726.863.799</u>	<u>637.595.214</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	43	39

7. Kostnaður vegna félagslegs starfs

	2025	2024
Aðildarfélagsgjöld	149.645.051	134.901.773
Aðkeypt þjónusta	71.572.360	61.604.895
Námskeið félagsmanna	40.844.465	15.685.436
Birtingarkostnaður	8.637.215	9.144.667
Annað vegna félagsmanna	41.918.207	41.838.044
	<u>312.617.298</u>	<u>263.174.815</u>

8. Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta

	2025	2024
Viðhald	115.110.228	71.030.873
Rafmagn og hiti	17.984.728	12.177.565
Fasteignagjöld	17.530.711	16.091.226
Tryggingar	3.512.224	3.363.502
Umsjón og þrif	28.791.188	19.162.229
Leiga á orlofshúsum	13.303.183	14.659.461
Rekstrarframlag	84.495.697	78.559.587
Endurgreiðsla VSK	0	(8.295.161)
Annar rekstrarkostnaður	38.003.414	46.556.779
Niðurgreiðslur flugfélaga og korta	17.695.690	13.258.463
	<u>336.427.063</u>	<u>266.564.524</u>

9. Rekstrarkostnaður

	2025	2024
Upplýsingatæknikostnaður	79.087.373	57.187.696
Endurskoðun	13.164.028	13.953.179
Annar sérfræðikostnaður	7.175.889	30.525.036
Annar rekstrarkostnaður	18.535.174	22.544.487
	<u>117.962.464</u>	<u>124.210.398</u>

Skýringar

10. Innheimta félagsgjalda

	2025	2024
Innheimta félagsgjalda	1.056.258	10.625.891
Niðurfærsla viðskiptakrafna	41.320.550	38.857.089
Afskrifaðar viðskiptakröfur	18.217.330	4.583.470
	<u>60.594.138</u>	<u>54.066.450</u>

11. Húsnæðiskostnaður

	2025	2024
Hússjóður	31.574.400	33.036.165
Fasteignagjöld	20.326.500	19.493.600
Viðhald og framkvæmdir	39.892.834	23.406.071
Annar húsnæðiskostnaður	37.370.597	21.969.424
	<u>129.164.331</u>	<u>97.905.260</u>

12. Rekstur vinnudeilusjóðs

	2025	2024
Kostnaður v. kjarasamninga	5.319.743	10.896.488

13. Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld

Fjármagnstekjur greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af bankareikningum	260.123.325	487.293.189
Vaxtatekjur af félagsgjöldum og iðgjöldum	8.007.415	10.849.507
Vaxtatekjur af öðrum skammtímakröfum	11.004	2.043.397
Endurgreiðsla vegna verðbréfakaupa	0	34.222.804
Arður	2.238.000	2.756.700
	<u>270.379.744</u>	<u>537.165.597</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Þóknun vegna verðbréfakaupa	(10.014.554)	0
Önnur vaxtagjöld	(4.917.384)	(4.698.056)
	<u>(14.931.938)</u>	<u>(4.698.056)</u>
Gangvirðisbreytingar eru eftirfarandi:		
Vextir og gengismunur verðbréfasjóða	461.186.961	528.507.007
Vextir og gengismunur skuldabréfaeigna	7.757.446	26.482.599
Gengismunur	(132)	29.353
	<u>468.944.275</u>	<u>555.018.959</u>
	<u>724.392.081</u>	<u>1.087.486.500</u>

14. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Húsbúnaður, hugbúnaður og bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2024	787.567.086	251.978.241	1.039.545.327
Eignfært á árinu	22.560.362	49.999.712	72.560.074
Selt og aflagt á árinu	0	(5.975.000)	(5.975.000)
Staða 1.1.2025	810.127.448	296.002.953	1.106.130.401
Eignfært á árinu	15.110.461	420.427.544	435.538.005
Selt og aflagt á árinu	0	(14.605.631)	(14.605.631)
Staða 31.12.2025	825.237.909	701.824.866	1.527.062.775
Afskriftir			
Staða 1.1.2024	390.464.349	158.946.793	549.411.142
Afskrift ársins	7.469.963	34.723.510	42.193.473
Selt og aflagt á árinu	0	(1.195.000)	(1.195.000)
Staða 1.1.2025	397.934.312	192.475.303	590.409.615
Afskrift ársins	7.621.068	86.853.812	94.474.880
Selt og aflagt á árinu	0	(7.439.723)	(7.439.723)
Staða 31.12.2025	405.555.380	271.889.392	677.444.772
Bókfært verð			
Staða 1.1.2024	397.102.737	93.031.448	490.134.185
Staða 1.1.2025	412.193.136	103.527.650	515.720.786
Staða 31.12.2025	419.682.529	429.935.474	849.618.003
Afskriftarhlutföll	0-1%	12-33%	
Fasteignamat og vátryggingamat eigna samstæðunnar í árslok:		Fasteignamat 2025	Vátrygginga- mat 2025
Guðrúnartún 1		1.152.650.000	2.001.850.000
Iðnó, Vonarstræti 3		88.630.405	277.081.565
Breiðamörk 19		73.750.000	93.850.000
Efling stéttarfélag á 28,33% í eigninni Vonarstræti 3. Reykjavíkurborg á 55% í eigninni og Sjómannafélag Íslands 16,67%. Reykjavíkurborg annast rekstur og viðhald á eigninni Vonarstræti 3.			
Efling stéttarfélag á listasafn sem metið er á kr. 10.377.000 í lok árs.			

15. Skuldabréfa- og verðbréfaeignir

	31.12.2025	31.12.2024
Verðbréfasjóðir	11.724.137.667	6.981.649.004
Skuldabréf	828.565.785	5.906.813
Eignarhlutur í félögum	39.000.000	39.000.000
	12.591.703.452	7.026.555.817

Skýringar

16. Orlofsbyggðir og orlofshús

	Eignarhlutur í orlofsbyggðum	Orlofshús í byggingu	Orlofshús í notkun	Samtals
Staða 1.1.2024	54.008.646	0	2.342.642.146	2.396.650.792
Eignfært á árinu	0	329.738.273	0	329.738.273
Matsbreyting ársins	3.995.770	0	225.924.443	229.920.213
Staða 1.1.2025	58.004.416	329.738.273	2.568.566.589	2.956.309.278
Eignfært á árinu	0	195.293.613	0	195.293.613
Matsbreyting ársins	3.552.337	0	88.213.233	91.765.570
Fært milli flokka	0	(525.031.886)	525.031.886	0
Selt á árinu	0	0	(41.250.000)	(41.250.000)
Staða 31.12.2025	61.556.753	0	3.140.561.708	3.202.118.461

Orlofshús í notkun

	Fasteignamat 2025	Fasteignamat 2024	Matsbreyting
Stóra-Fljót Reykholti, 12 hús	620.120.000	571.450.000	48.670.000
Svignaskarð, 17 hús	522.960.000	529.580.000	(6.620.000)
Akureyri 4 íbúðir, 4 raðhús	429.450.000	392.150.000	37.300.000
Ölfusborgir, 10 hús	228.912.907	212.507.637	16.405.270
Brekkuskógur, 3 hús	160.950.000	134.950.000	26.000.000
Hvammur, 1 hús ásamt sumarbústaðarlöndum	129.630.000	113.350.000	16.280.000
Svignaskarð, jarðir og bygg. Og íbúðarhús í Skarði	118.750.700	110.378.952	8.371.748
Stykkishólmur, 3 hús	241.950.000	113.600.000	(53.434.291)
Eyrarflöt, 2 hús	107.250.000	0	(50.719.494)
Svignaskarðsland, 2 hús	93.250.000	84.700.000	8.550.000
Úthlíð, 3 hús	63.610.000	59.800.000	3.810.000
Svignaskarð, 4 hús, fasteignamat ekki til	185.278.101	0	0
Einarsstaðir, 3 hús	72.000.000	63.050.000	8.950.000
Hellishólar	61.500.000	52.650.000	8.850.000
Kirkjubæjarklaustur, 2 hús (selt)	0	41.250.000	0
Illugastaðir, 2 hús	48.200.000	37.350.000	10.850.000
Hólmavík	27.150.000	27.700.000	(550.000)
Flókalundur, 2 hús	29.600.000	24.100.000	5.500.000
	3.140.561.707	2.568.566.589	88.213.233

Orlofshús eru endurmetin á ári hverju miðað við breytingar á fasteignamati á milli ára. Endurmatið er fært sem sérstakt endurmat yfir eigið fé.

Eignarhlutur í orlofsbyggðum:

	Hlutdeild	Eignarhlutur 2025	Eignarhlutur 2024	Breyting
Orlofsbyggðin Ölfusborgum	27,8%	47.090.356	37.959.242	9.131.114
Orlofsbyggðin Svignaskarði	47,0%	91.150	7.325.648	(7.234.498)
Orlofsbyggðin Illugastöðum	6,5%	8.646.131	8.188.347	457.785
Orlofsbyggðin Flókalundi	15,4%	5.729.116	4.531.180	1.197.937
		61.556.753	58.004.416	3.552.337

Eignarhlutur í Orlofsbyggðum er færður miðað við hlutdeild í eigin fé orlofsbyggðanna í samræmi við samþykkt ársreikninga þeirra.

Efling á aðild að þremur veiðifélögum. Veiðifélagi Gljúfurár í gegnum landið Svignaskarð, einnig Veiðifélagi Norðurár vegna sömu landareignar og Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga vegna landspildu í Stóra-Fljóti, Bláskógabyggð. Hlutur Eflingar í Gljúfurá er 20,1%, hlutur í Norðurá er 1% og hlutur í Tungufljótsdeild er 0,9%. Arður er greiddur út til landeiganda í samræmi við þetta.

Efling hefur engar kvaðir eða skyldur vegna aðildar að félögunum aðrar en að leyfa aðgang að ánum vegna veiðimanna. Réttindi eru réttur til þátttöku á félags- og aðalfundum með tillögu- og atkvæðisrétti. Allar þessar ár eru í útleigu samkvæmt útboðum og leigðar út til nokkurra ára í senn.

Orlofshús í byggingu	Bókfært verð 31.12.2024	Eignfærsla ársins	Eignir færðar í notkun á árinu	Bókfært verð 31.12.2025
Svignaskarð 35	44.666.665	570.000	(45.236.665)	0
Svignaskarð 39	43.578.568	570.000	(44.148.568)	0
Svignaskarð 40	35.368.580	13.070.001	(48.438.581)	0
Svignaskarð 45	45.324.487	2.129.800	(47.454.287)	0
Eyrarflöt	45.767.500	112.201.994	(157.969.494)	0
Aðalgata 16 Stykkishólmur	115.032.473	66.751.818	(181.784.291)	0
	<u>329.738.273</u>	<u>195.293.613</u>	<u>(525.031.886)</u>	<u>0</u>

Orlofshús í byggingu eru færð á kostnaðarverði fram að því að þau eru tekin í notkun og frá þeim tíma eru þau endurmetin samkvæmt fasteignamati

17. Bundnar innstæður

	31.12.2025	31.12.2024
Bundnar innstæður - Landsbanki	22.633.527	4.388.488.363
	<u>22.633.527</u>	<u>4.388.488.363</u>

Bundnar innstæður eru innstæður á bankareikningum sem eru bundnir í 30 daða eða meira.

18. Viðskiptakröfur

	31.12.2025	31.12.2024
Viðskiptakröfur	576.470.883	134.423.872
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(81.101.453)	(39.780.903)
	<u>495.369.430</u>	<u>94.642.969</u>

Hækkun á viðskiptakröfum skýrist af breyttu verklagi í viðtöku skilgreina, tímarammi launagreiðenda til að skila desember skilgreinum var lengdur út allan janúar sem var þess valdandi að viðskiptakröfur hækka milli ára.

19. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2024	794.935.072	13.966.119.957	14.761.055.029
Endurmat fastafjármuna	229.920.213	0	229.920.213
Tekjur umfram gjöld	0	1.281.046.615	1.281.046.615
Eigið fé 1.1.2025	1.024.855.285	15.247.166.572	16.272.021.857
Endurmat fastafjármuna	91.765.569	0	91.765.569
Tekjur umfram gjöld	0	1.285.409.634	1.285.409.634
Eigið fé 31.12.2025	<u>1.084.719.854</u>	<u>16.532.576.206</u>	<u>17.617.296.060</u>

20. Áfallinn fjármagnstekjuskattur

	31.12.2025	31.12.2024
Staða í ársbyrjun	184.727.121	74.966.177
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(17.907.415)	(117.946.205)
Breytingar á skuldbindingu vegna áfallins fjármagnstekjuskatts	120.551.460	227.707.149
Staða í árslok	<u>287.371.166</u>	<u>184.727.121</u>

Skýringar

21. Reikningskilaaðferðir

Skráning tekna

Félagsgjöld eru tekjufærð þegar skilagreinar berast frá atvinnurekendum.

Leigutekjur af orlofshúsum eru tekjufærðar við nýtingu orlofshúsa.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Verðbréf

Skuldabréf og verðbréf sem skráð eru á virkum markaði eru færð á gangvirði og færast gangvirðisbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til. Óskráð hlutabréf eru færð á kostnaðarverði.

Óinnheimt félagsgjöld

Óinnheimt félagsgjöld eru færð á nafnverði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum. Bundnar innstæður eru innstæður á bankareikningum sem eru bundnir í 30 daga eða meira.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Sundurliðanir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2025	31.12.2024
Greiddir styrkir fyrir starfsmenntasjóði	41.364.851	14.096.212
Ýmsar aðrar kröfur	600.000	26.955.047
	<u>41.964.851</u>	<u>41.051.259</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2025	31.12.2024
Veltureikningar - Landsbankinn hf.	1.015.237.571	1.698.503.860
	<u>1.015.237.571</u>	<u>1.698.503.860</u>

Viðskiptaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar viðskiptaskuldir	35.479.387	38.091.091
	<u>35.479.387</u>	<u>38.091.091</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Ógreidd laun og launatengd gjöld	100.057.035	133.627.184
Skuld við starfsmenntasjóði	130.171.775	62.964.619
Ógreitt v/félagsmannasjóður	37.696.780	28.795.253
Aðrar skuldir	10.880.691	5.511.307
	<u>278.806.281</u>	<u>230.898.363</u>

Samstæðuýfirlit Eflingar stéttarfélags fyrir 2025

Rekstrarreikningur

	Samstæða	Jöfnunarfærslur	Samtals	Félagssjóður	Sjúkrasjóður	Orlofsjóður	Vinnuðeildusjóður
Félagsgjöld	3.980.987.631	0	3.980.987.631	1.262.885.930	1.928.548.367	566.449.139	223.104.195
Leigutekjur orlofshúsa	94.046.704	0	94.046.704	0	0	94.046.704	0
Aðrar tekjur	156.759.774	0	156.759.774	61.701.409	26.648.273	68.410.092	0
Tekjur samtals	4.231.794.109	0	4.231.794.109	1.324.587.339	1.955.196.640	728.905.935	223.104.195
Kostnaður							
Bætur og styrkir	(1.726.156.461)	0	(1.726.156.461)	0	(1.726.156.461)	0	0
Laun og starfsmannakostnaður	(726.863.799)	0	(726.863.799)	(640.184.770)	0	(86.679.029)	0
Kostnaður vegna félagslegs starfs	(312.617.298)	0	(312.617.298)	(309.939.761)	(1.468.327)	(1.122.838)	(86.372)
Rekstur orlofshúsa	(336.427.063)	0	(336.427.063)	0	0	(336.427.063)	0
Rekstrarkostnaður	(117.962.464)	0	(118.155.200)	(80.288.017)	(21.427.922)	(15.086.059)	(1.353.202)
Innheimta félagsgjalda	(60.594.138)	0	(60.401.402)	(13.347.841)	(33.767.097)	(10.109.796)	(3.176.668)
Húsnæðiskostnaður	(129.164.331)	0	(129.164.331)	(60.045.909)	(57.881.381)	(9.035.190)	(2.201.851)
Rekstur vinnuðeildusjóðs	(5.319.743)	0	(5.319.743)	0	0	0	(5.319.743)
Afskriftir fastafjármuna	(94.474.880)	0	(94.474.880)	(28.776.824)	(48.933.062)	(16.764.994)	0
Kostnaður samtals	(3.509.580.177)	0	(3.509.580.177)	(1.132.583.122)	(1.889.634.250)	(475.224.969)	(12.137.836)
Rekstrarniðurstaða	722.213.932	0	722.213.932	192.004.217	65.562.390	253.680.966	210.966.359
Fjármagnstekjur	270.379.744	0	270.379.744	53.254.806	100.603.319	44.993.766	71.527.853
Fjármagnsgjöld	(14.931.938)	0	(14.931.938)	(5.448.175)	(4.375.969)	(2.070.692)	(3.037.102)
Gangvirlisbreyting verðbréfa	468.944.275	0	468.944.275	111.661.419	194.569.987	843.505	161.869.364
Fjármagnstekjuskattur	(161.196.379)	0	(161.196.379)	(35.925.434)	(64.505.234)	(9.431.656)	(51.334.055)
	563.195.702	0	563.195.702	123.542.616	226.292.103	34.334.923	179.026.060
Tekjur umfram gjöld	1.285.409.634	0	1.285.409.634	315.546.833	291.854.493	288.015.889	389.992.419

Efnahagsreikningur

Eignir	Samstæða	Jöfnunarfærslur	Samtals	Félagssjóður	Sjúkrasjóður	Orlofsjóður	Vinnudeilissjóður
Fastafjármunir							
Orlofsbyggðir og orlofshús	3.202.118.460	0	3.202.118.460	0	0	3.202.118.460	0
Lóðir og fasteignir	419.682.529	0	419.682.529	97.099.698	319.369.872	3.212.959	0
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	429.935.474	0	429.935.474	93.386.007	293.899.449	42.650.018	0
Verðbréfasjóðir	11.763.137.667	0	11.763.137.667	2.829.176.908	5.237.774.264	116.088.625	3.580.097.870
Skuldabréfaeign	828.565.785	0	828.565.785	97.420.149	141.409.244	293.357.672	296.378.720
	16.643.439.915	0	16.643.439.915	3.117.082.762	5.992.452.829	3.657.427.734	3.876.476.590
Veltufjármunir							
Bundnar innstæður	22.633.527	0	22.633.527	1.350.391	11.339.559	1.872	9.941.705
Handbært fé	1.015.237.571	0	1.015.237.571	463.758.764	138.599.103	204.354.952	208.524.752
Vlöskiptakröfur	495.369.430	0	495.369.430	(248.177.100)	535.875.652	147.871.089	59.799.789
Kröfur á milli sjóða	0	(392.226.873)	392.226.873	374.977.510	17.249.363	0	0
Birgðir	307.600	0	307.600	0	0	307.600	0
Aðrar skammtímakröfur	41.964.851	0	41.964.851	46.232.647	(2.541.314)	0	(1.726.482)
	1.575.512.979	(392.226.873)	1.967.739.852	638.142.212	700.522.363	352.535.513	276.539.764
	18.218.952.894	(392.226.873)	18.611.179.767	3.755.224.974	6.692.975.192	4.009.963.247	4.153.016.354
Eignir							
Eigið fé og skuldir							
Eigið fé							
Sérstakur endurmatsreikningur	1.084.719.854	0	1.084.719.854	0	0	1.084.719.854	0
Óráðstafað eigið fé	16.532.576.206	0	16.532.576.206	3429241162	6.283.193.546	2.783.060.094	4.037.081.404
Eigið fé	17.617.296.060	0	17.617.296.060	3.429.241.162	6.283.193.546	3.867.779.948	4.037.081.404
Langtímaskuldir og skuldbindingar							
Áfallinn fjármagnstekjuskattur	287.371.166	0	287.371.166	83.785.489	115.565.674	254.401	87.765.602
	287.371.166	0	287.371.166	83.785.489	115.565.674	254.401	87.765.602
Skammtímaskuldir							
Vlöskiptaskuldir	35.479.387	0	35.479.387	21.659.650	8.865.648	4.446.078	508.011
Skuldir á milli sjóða	0	(392.226.873)	392.226.873	0	238.474.932	126.090.604	27.661.337
Aðrar skammtímaskuldir	278.806.281	0	278.806.281	220.538.673	46.875.392	11.392.216	0
	314.285.668	(392.226.873)	706.512.541	242.198.323	294.215.972	141.928.898	28.169.348
Skuldir	601.656.834	(392.226.873)	993.883.707	325.983.812	409.781.646	142.183.299	115.934.950
Eigið fé og skuldir	18.218.952.894	(392.226.873)	18.611.179.767	3.755.224.974	6.692.975.192	4.009.963.247	4.153.016.354

Sjóðstreymi

	Samstæða	Jöfnunarfærslur	Samtals	Félagssjóður	Sjúkrasjóður	Orlofssjóður	Vinnudeilissjóður
Rekstrarhreyfingar							
Tekjur umfram gjöld	1.285.409.634	0	1.285.409.634	315.546.833	291.854.493	288.015.889	389.992.419
Afskriftir	94.474.880	0	94.474.880	28.776.824	48.933.062	16.764.994	0
Söluhagnaður	(64.685.092)	0	(64.685.092)	0	0	(64.685.092)	0
Hækkun, (lækkun) á skuldb. fjármagnstekjuskatts	102.389.644		102.389.644	24.459.020	42.337.285	0	35.593.339
Verðbætur og gangvörðisbr. af eignum og skuldum	(472.452.860)		(472.452.860)	(112.498.614)	(192.362.589)	(4.233.946)	(163.357.711)
Veitufé frá rekstri	945.136.206	0	945.136.206	256.284.063	190.762.251	235.861.845	262.228.047
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun	(640.587.149)	143.369.593	(783.956.742)	(341.210.999)	(324.389.885)	(87.277.973)	(31.077.885)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)	288.656.211	(143.369.593)	432.025.804	196.962.375	209.251.980	7.186.277	18.625.172
Handbætt fé frá rekstri án vaxta og skatta	593.205.268	0	593.205.268	112.035.439	75.624.346	155.770.149	249.775.334
Handbætt fé frá rekstri	593.205.268	0	593.205.268	112.035.439	75.624.346	155.770.149	249.775.334
Fjárfestingahreyfingar							
Keyptir/seldir varanl. rekstrarfjárm	(549.631.618)		(549.631.618)	(66.516.932)	(317.222.178)	(165.892.508)	0
Keypt/seld skuldabréf	(818.382.386)		(818.382.386)	(97.198.053)	(138.664.672)	(291.959.706)	(290.559.955)
Afborganir skuldabréfa	7.232.141		7.232.141	870.120	2.019.517	2.855.121	1.487.383
Keypt/seld fjárfestingaverðbréf	(4.281.544.530)		(4.281.544.530)	(468.608.363)	(2.222.065.479)	(116.107.766)	(1.474.762.922)
Bundnar bankainnstæður	4.365.854.836		4.365.854.836	335.997.261	2.395.324.885	244.823.922	1.389.708.768
	(1.276.471.557)	0	(1.276.471.557)	(295.455.967)	(280.607.927)	(326.280.937)	(374.126.726)
Lækkun handbærs fjár	(683.266.289)		(683.266.289)	(183.420.528)	(204.983.581)	(170.510.788)	(124.351.392)
Handbætt fé í upphafi árs	1.698.503.860		1.698.503.860	647.179.292	343.582.684	374.865.740	332.876.144
Handbætt fé í lok árs	1.015.237.571	0	1.015.237.571	463.758.764	138.599.103	204.354.952	208.524.752

